
SKATTALEG ÁHRIF FERÐAÞJÓNUSTU Á ÍSLANDI

Febrúar 2025

EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	9
Fjöldi og samsetning erlendra ferðamanna.....	11
Gistinætur á hótelum og gistihúsum	14
Mikill vöxtur í fjölda farþega skemmtiferðaskipa	15
Nýsköpun og ferðaþjónustan.....	17
Virðisikeðja ferðaþjónustunnar.....	18
Framlag ferðaþjónustu til þjóðarbúskaparins	19
Neysla erlendra ferðamanna	23
Þjónustujöfnuður og ferðaþjónusta.....	24
<i>Hlutdeild ferðaþjónustu í þjónustu- og vöruútflutningi</i>	<i>25</i>
Gengi krónunnar og áskoranir í ferðaþjónustu.....	27
Ferðaþjónustan nálgast arðsemi viðskiptahagkerfisins	30
Helstu vaxtargreinar ferðaþjónustu	33
Kreditkortanotkun erlendra ferðamanna	35
Skattaleg áhrif.....	37
Skattaleg áhrif fyrirtækja í íslenskri ferðaþjónustu.....	39
<i>Skattaleg áhrif ferðaþjónustunnar í þröngum skilningi.....</i>	<i>39</i>
<i>Útskattur virðisaukaskatts í ferðaþjónustu og skattaleg áhrif</i>	<i>40</i>
Skattaleg áhrif einstakra greina innan ferðaþjónustu.....	44
Aðrar sértekjur af ferðaþjónustu	46
<i>Rammagrein: Sértekjur þjóðgarðsins á Þingvöllum.</i>	<i>46</i>
<i>Ýmis framlög til verkefna á málefnasviði ferðaþjónustu</i>	<i>46</i>
Reiknaðir skattastyrkir hins opinbera.....	47
Samkeppnisstaða og skattar	48
Áhrif einstakra atvinnugreina í ferðaþjónustu á efnahag.....	50

<i>Tekjur af eldsneytisgjöldum</i>	52
Niðurstöður	54
Viðauki I.....	55
Aðferðafræði.....	55
Sögulegt yfirlit.....	55
Aðferðafræði PwC	55
Skatta- og gjaldaumhverfi ferðaþjónustunnar.....	56
Gistináttaskattur, innviðagjald á skemmtiferðaskip og afnám tollfrelsis	59
Gistináttaskattur.....	60
Viðauki II – Nánar um virðisaukaskatt	61
11% VSK.....	61
Viðauki III – Ferðaþjónusta á EES svæðinu	62
Viðauki IV – Skilgreiningar ÍSAT númera einkennandi greina ferðaþjónustunnar	65
501 Millilanda- og strandsiglingar með farþega:.....	65
5223 Þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi.....	65
50.3 Farþegaflutningar á skipgengum vatnaleiðum	66
51 Flutningar með flugi.....	66
55 Rekstur gististaða	66
56 Veitingasala og -þjónusta	67
77 Leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga.....	67
79: Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta	68
771 - 77.11.0 Leiga á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum ...	68
96 Önnur þjónustustarfsemi.....	69
Viðauki V – Heimildir og neðanmálsgreinar.....	70

MYNDAYFIRLIT

<i>Mynd 1 – Fjöldi erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll</i>	<i>11</i>
<i>Mynd 2 – Hlutdeild farþega um Keflavíkurflugvöll eftir ríkisfangi</i>	<i>12</i>
<i>Mynd 3 – Fjöldi ferðamanna með flugi og Norrænu frá 1982 - 2022.....</i>	<i>12</i>
<i>Mynd 4 – Uppsafnaður fjöldi ferðamanna um Keflavíkurflugvöll eftir mánuðum.....</i>	<i>13</i>
<i>Mynd 5 – Flughreyfingar um Keflavíkurflugvöll</i>	<i>13</i>
<i>Mynd 6 – Gistinætur á hótelum.....</i>	<i>14</i>
<i>Mynd 7 – Gistinætur á öllum tegundum skráðra gististaða 1998-2023</i>	<i>14</i>
<i>Mynd 8 – Fjöldi farþega með skemmtiferðaskipum til Reykjavíkurhafnar .</i>	<i>15</i>
<i>Mynd 9 – Skipakomur skemmtiferðaskipa.....</i>	<i>16</i>
<i>Mynd 10 – Ferðaþjónustan spinnur af sér nýsköpun</i>	<i>17</i>
<i>Mynd 11 – Virðisikeðja ferðaþjónustu</i>	<i>18</i>
<i>Mynd 12 – Ferðaþjónusta sem hlutfall af vergu vinnsluvirði í Evrópu árið 2019</i>	<i>19</i>
<i>Mynd 13 – Vísitala fjölda ferðamanna og vísitala hlutfalls ferðaþjónustu í VLF.....</i>	<i>20</i>
<i>Mynd 14 – Butler S-kúrfan.....</i>	<i>20</i>
<i>Mynd 15 – Hlutur ferðaþjónustu í VLF deilt á hvern erlendan ferðamann – fast verðlag – þús. kr.....</i>	<i>21</i>
<i>Mynd 16 – Hlutur ferðaþjónustu í VLF deilt á hverja gistinótt – fast verðlag – þús. kr.</i>	<i>22</i>
<i>Mynd 17 – Hlutdeild einkennandi greina ferðaþjónustunnar til VLF á Íslandi</i>	<i>22</i>
<i>Mynd 18 – Hlutdeild ferðaþjónustu í VLF á föstu verðlagi</i>	<i>23</i>
<i>Mynd 19 – Hlutfall neyslu erlendra ferðamanna af heildarneyslu á Íslandi árið 2019</i>	<i>23</i>
<i>Mynd 20 – Neysla erlendra ferðamanna í milljörðum króna á verðlagi hvers árs</i>	<i>24</i>

<i>Mynd 21 – Heildarþjónustujöfnuður og valdir liðir í ferðaþjónustu – milljarðar króna á verðlagi hvers árs</i>	<i>25</i>
<i>Mynd 22 – Valdir liðir útflutnings vöru og þjónustu frá 2013 til 2024 Á1-Á3 – milljarðar króna á föstu verðlagi.....</i>	<i>26</i>
<i>Mynd 23 – Valdir liðir útflutnings vöru og þjónustu frá 2013 til 2024 Á1-Á3 – hlutdeild (%).....</i>	<i>26</i>
<i>Mynd 24 – Skipting þjónustuútflutnings eftir flokkum árið 2023</i>	<i>27</i>
<i>Mynd 25 – Meðalmánaðargengi evru (EUR), dollars (USD) og norskrar krónu (NOK) gagnvart íslenskri krónu</i>	<i>28</i>
<i>Mynd 26 – Raungengi krónunnar frá 1980 – 2024.....</i>	<i>28</i>
<i>Mynd 27 – Rekstrartekjur einkennandi greina ferðaþjónustunnar á föstu verðlagi ársins 2023.....</i>	<i>30</i>
<i>Mynd 28 – Hagnaður einkennandi greina ferðaþjónustunnar fyrir fjármagnsgjöld og skatta á föstu verðlagi ársins 2023</i>	<i>31</i>
<i>Mynd 29 – Hagnaður einkennandi greina ferðaþjónustunnar eftir skatta á föstu verðlagi ársins 2023.....</i>	<i>31</i>
<i>Mynd 30 – Hlutdeild heildartekna einkennandi greina ferðaþjónustu af heildartekjum viðskiptahagkerfisins</i>	<i>32</i>
<i>Mynd 31 – Hagnaðarhlutdeild (tap) viðskiptahagkerfisins í samanburði við einkennandi greinar ferðaþjónustu.....</i>	<i>33</i>
<i>Mynd 32 – Helstu vaxtargreinar ferðaþjónustunnar og tengdra greina frá 2014-2023</i>	<i>34</i>
<i>Mynd 33 – Helstu vaxtargreinar ferðaþjónustunnar og tengdra greina frá 2019-2023</i>	<i>35</i>
<i>Mynd 34 – Heildarúttekt erlendra debet- og kreditkorta hérlendis á föstu verðlagi ársins 2024 – milljarðar króna.....</i>	<i>35</i>
<i>Mynd 35 – Umsvif hins opinbera sem hlutfall af VLF</i>	<i>37</i>
<i>Mynd 36 – Hlutfall opinberra útgjalda af VLF (%) árið 2022 – valin OECD lönd</i>	<i>38</i>
<i>Mynd 37 – Reiknaðir fasteignaskattar á gistihús, hótél og veitingahús</i>	<i>40</i>
<i>Mynd 38 – Skattaleg áhrif einkennandi greina ferðaþjónustunnar á föstu verðlagi ársins 2023 án VSK og fasteignaskatta</i>	<i>42</i>

<i>Mynd 39 – Skattaleg áhrif einkennandi greina ferðaðjónsutunnar á föstu verðlagi ársins 2023 með VSK og fasteignasköttum á gistihús, hótél og veitingahús</i>	<i>42</i>
<i>Mynd 40 – Skattaleg áhrif einstakra atvinnugreina innan ferðaðjónustunnar án vsk</i>	<i>44</i>
<i>Mynd 41 – Hlutdeild einkennandi greina ferðaðjónustunnar á vinnumarkaði</i>	<i>45</i>
<i>Mynd 42 – Eldsneytissala á Íslandi í flug – þúsundir tonna.....</i>	<i>50</i>
<i>Mynd 43 – Eldsneytissala á Íslandi vegna vegasamgangna – þúsundir tonna</i>	<i>51</i>
<i>Mynd 44 – Innflutningur á eldsneyti (CIF) – milljarðar kr. á föstu verðlagi ársins 2024.....</i>	<i>51</i>
<i>Mynd 45 – Fjöldi bílaleigubíla í og úr umferð í júlí ár hvert</i>	<i>53</i>
<i>Mynd 46 – Hlutdeild ferðaðjónustu af vinnsluvirði hvers hagkerfis fyrir sig (%)</i>	<i>63</i>
<i>Mynd 47 – Hlutdeild erlendra ferðamanna í þjónustuþjónuði (%)</i>	<i>64</i>

TÖFLUYFIRLIT

<i>Tafla 1 – Skattaleg áhrif – þröng skilgreining – einkennandi greina ferðþjónustunnar</i>	<i>40</i>
<i>Tafla 2 – Skattaleg áhrif ferðþjónustu með útskatti VSK og fasteignasköttum</i>	<i>41</i>
<i>Tafla 3 – Skattaleg áhrif einkennandi greina ferðþjónustunnar í heild á föstu verðlagi ársins 2023.....</i>	<i>43</i>
<i>Tafla 4 – Skattaleg áhrif einstakra atvinnugreina innan ferðþjónustunnar án vsk eftir árum.....</i>	<i>44</i>
<i>Tafla 5 – Fjöldi launþega eftir greinum ferðþjónustunnar skv. ársreikningum.....</i>	<i>45</i>
<i>Tafla 6 – Áætluð eldsneytis- og vörugjöld vegna ferðþjónustu</i>	<i>52</i>

Inngangur

Skýrsla þessi er unnin að beiðni Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og með stuðningi Samtaka atvinnulífsins (SA). Fyrirtæki í einkennandi greinum ferðaþjónustu, skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands, voru 4.957 í árslok 2023.

Hér er gerð tilraun til að meta þröng og víð skattaleg áhrif íslenskrar ferðaþjónustu. Reynt er að ná utan um stórt svið en ljóst er að ferðaþjónusta snertir næstum alla þætti hagkerfisins allt frá lækniþjónustu til hágæða gistingar. Sumt er tilgreint sem hluti af einkennandi greinum ferðaþjónustunnar, annað ekki. Ef allt væri tiltekið þá gætu áhrif ferðaþjónustunnar verið meiri.

Ýmsar breytingar hafa átt sér stað á skattaumhverfi ferðaþjónustunnar, t.d. á síðasta haustþingi og blikur eru á lofti í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar en þar kemur m.a. fram:

Með því að stuðla að verðmætasköpun, öryggi og álagsstýringu í ferðaþjónustu. Vinsælustu ferðamannastaðir landsins eru í eigu þjóðarinnar og ríkisstjórnin hyggst taka upp auðlindagjald fyrir aðgang ferðamanna að náttúruperlum Íslands. Á meðan unnið er að útfærslu verða innheimt komugjöld.¹

Útfærsla á ofangreindum tillögum um auðlindagjöld á ferðaþjónustu var ekki útfærð þegar þessi skýrsla var tilbúin í febrúar 2025. Ljóst er að aukin skatt- og gjaldheimta mun hafa áhrif á útreikninganna.

Einnig má nefna breytingar á gistináttaskatti og skattaumhverfi skemmtiferðaskipa sem lögfestar voru á haustþingi 2024. Helstu breytingarnar voru hækkun gistináttaskatts annað árið í röð og álagning innviðagjalds. Nánar er fjallað um breytingarnar í viðauka.

Aukin skattheimta sem og gjaldtaka hefur almennt séð neikvæð áhrif á samkeppnishæfni atvinnugreina. Ekki er ætlunin hér að leggja mat á mögulegar eða hugsanlegar breytingar af því tagi á samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu. Slík greining kallar á ítarlega hagrannsókn t.d. á teygni eftirspurnar í ferðaþjónustu. Í ljósi þess fyrirvara sem var á innviðagjaldinu á skemmtiferðaskipafarþega virðist það vera svo að sú aukna opinbera gjaldtaka hafi leitt til einhverra afbókanna á árinu 2025. Í stefnumörkun Faxaflóahafna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa til ársins 2030 er gert ráð fyrir

að skipakomur verði á bilinu 230 til 260 ári og farþegar um 250 til 320 þúsund.²

Alþjóðleg þróun hefur verið hagfeld ferðaþjónustunni en Sameinuðu þjóðirnar áætla að um 1,1 milljarður ferðamanna (e. overnight visitors) hafi lagt land undir fót frá janúar til september 2024. Það samsvarar að 98% af fjölda ferðamanna á árinu 2019, þ.e. fyrir COVID-19 heimsfaraldurinn. Ferðaþjónustan á heimsvísu hefur því náð sér loks að fullu eftir heimsfaraldurinn.³ Svo mikil eftirspurn er eftir flugferðum víða um heim að Alþjóðasamtök flugfélaga (e. International Air Transport Association, IATA) gera ráð fyrir að heildarfjöldi flugfarþega í heiminum aukist árið 2025, eftir metár í fyrra.

Ferðaþjónustan er grunnatvinnuvegur sem skapar einnig önnur atvinnutækifæri sem eru ekki innan einkennandi greina ferðaþjónustunnar. Þar ber helst að nefna nýsköpun og tækniþróun. Mörg fyrirtæki hafa rutt sér til rúms sem þjónustuaðilar við innlenda ferðaþjónustu en hafa einnig gert strandhögg í öðrum löndum.


Gerð er grein fyrir skattalegum áhrifum einkennandi greina íslenskrar ferðaþjónustu í kafla hér á eftir en þau voru um 180 milljarðar með greiddum útskatti.

Fjöldi og samsetning erlendra ferðamanna

Erlendum ferðamönnum fjölgaði á árunum 2023 og 2024 en spá Ferðamálastofu gerir ráð fyrir sambærilegum fjölda ferðamanna á árinu 2025. Mynd 1 sýnir að ferðaþjónustan hefur að fullu náð sér af afleiðingum heimsfaraldursins COVID-19 en erlendir farþegar voru umtalsvert fleiri á árinu 2023 en á árinu 2019. Fjöldinn hefur samt ekki enn náð metárinu 2018 þegar WOW air var enn starfandi.


Þegar rýnt er í tölur um hverjir koma hingað til lands þá bera Bandaríkjamenn höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir en um 27% allra erlendra farþega árið 2024 voru Bandaríkjamenn og hefur hlutfall þeirra farið vaxandi, sbr. Mynd 2. Bretar koma þar næst eftir með 12% hlutfall.

Bandaríkjamenn eru einnig verðmætustu ferðamennirnir hvað varðar útgjöld á mann. Ekki ólíklegt að sterkur bandaríkjadalur hafi hvatt Bandaríkjamenn til ferðalaga erlendis.



Heimild: Hagstofa Íslands


Mynd 1 – Fjöldi erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll



Heimild: Ferðamálastofa

Mynd 2 – Hlutdeild farþega um Keflavíkurflugvöll eftir ríkisfangi


Mynd 1 og Mynd 4 sýna hvor með sínum hætti hvernig ferðaðjónustan hefur náð aftur vopnum sínum eftir heimsfaraldurinn. Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna á árinu 2023 stefnir í að vera svipaður og árið 2018.



Heimild: Ferðamálastofa


Mynd 3 – Fjöldi ferðamanna með flugi og Norrænu frá 1982 - 2022

Mynd 3 sýnir vel hinn gríðarlega vöxt ferðaþjónustunnar hér á landi sl. áratug. Þetta má setja í eftirfarandi samhengi: Á öllu tímabilinu 1949 til 1991 komu rétt aðeins fleiri ferðamenn til landsins en á árinu 2023.



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4 – Uppsafnaður fjöldi ferðamanna um Keflavíkurlugvöll eftir mánuðum




■ Flughreyfingar – flugtak og landingar

Heimild: Hagstofa Íslands & ISAVÍA

Mynd 5 – Flughreyfingar um Keflavíkurlugvöll


Gistinætur á hótélum og gistihúsum

Hótelnýting var með ágætum árið 2024 samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Taka ber fram að stofnunin vinnur að endurskoðun flokkunar gagna um gistinætur.



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 6 – Gistinætur á hótélum



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 7 – Gistinætur á öllum tegundum skráðra gististaða 1998-2023

Samtals voru gistinætur hótélum á árinu 2023 tæplega 5,3 milljónir talsins en um 9,5 milljónir á öllum gististöðum landsins. Áætla má að gistitölur verði á sama róli á árinu 2024 eða um 5,2 milljónir talsins fyrir hótél. Tölurnar ná bæði yfir gistinætur íslenskra og erlendra ferðamanna.


Hagstofa Íslands vinnur að endurskoðun gagna vegna skiptingar þjóðernis á tegund gistinga frá árinu 2021. Því eru súlur með öðrum lit frá árinu 2021–23 á mynd 7.

Mikill vöxtur í fjölda farþega skemmtiferðaskipa


Á síðastliðnum þremur áratugum hefur farþegum með skemmtiferðaskipum fjölgað gríðarlega að undanskildum heimsfaraldrinum COVID-19 árið 2020–21. Áætlað er að farþegar á heimsvísu hafi verið um 34,7 milljónir á árinu 2024.⁴

Farþegafjöldi um Faxaflóahafnir var samtals 306 þúsund árið 2023 og 322 þúsund árið 2024.

Vöxtur í fjölda farþega hefur verið mjög mikill og hefur hann rúmlega tvöfaldast frá árinu 2018. Vöxturinn kemur til vegna áhuga útgerða skemmtiferðaskipa á nýjum áfangastöðum sem uppfylla kröfur og áhuga farþega.



Mynd 8 – Fjöldi farþega með skemmtiferðaskipum til Reykjavíkurhafnar



Mynd 9 – Skipakomur skemmtiferðaskipa


Góðar tenginga með flugi hafa einnig skapað ný tækifæri í farþegaskiptum og því aukin umsvif í landi.

Einnig má nefna að heimspólítík og stríðsrekstur hefur haft áhrif á val öruggra áfangastaða.

Nýsköpun og ferðaþjónustan

Vöxtur ferðaþjónustunnar er ekki einungis bundinn við fjölda flugferða, hótélherbergja, bílaleigubifreiða og þess háttar, heldur er nýsköpun töluverð í kringum greinina. Stofnuð hafa verið fjöldi nýsköpunarfyrirtækja er sérhæfa sig í þjónustu við atvinnugreinina bæði heima og heiman. Sum þessara nýsköpunarfyrirtækja hafa þegar verið seld til alþjóðlegra stórfyrirtækja. Þetta sýnir að ferðaþjónustan er grunnatvinnuvegur með sambærilegum hætti og sjávarútvegur sem hefur spunnist af sér margskonar nýsköpunarfyrirtæki. Þeirra þekktast er Marel.

Mikil gróska hefur átt sér stað í tæknilausnum fyrir ferðaþjónustuna og hafa sum fyrirtækin notið alþjóðlegrar athygli. Árið 2018 var Bókun t.d. seld til alþjóðlegra fyrirtækisins TripAdvisor fyrir 27 milljónir bandaríkjadala.⁵ Önnur fyrirtæki eru á góðu róli að ná alþjóðlegri fótfestu á grunni sterks heimamarkaðar sem er grundvöllur fyrir vexti og viðgangi þessara fyrirtækja. Það verður áhugavert að fylgjast með þessum fyrirtækjum sem sum hver eru nefnt á Mynd 10.




Mynd 10 – Ferðaþjónustan spinnur af sér nýsköpun

Taka ber fram að tæknifyrirtækin sem eru í öðrum og þriðja hring eru ekki talin með í skattalegum áhrifum ferðaþjónustunnar þar sem þau flokkast ekki undir einkennandi greinar hennar í flokkun Hagstofu Íslands.

Myndin hér að ofan er ekki tæmandi og er úrtakið skýrsluhöfunda.

Virðisæðja ferðaðjónustunnar


Mynd 11 sýnir virðisæðju ferðaðjónustu og er fyrirmynd hennar tekin úr rannsókn á vegum Þýsku samtakanna um alþjóðasamstarf (þ. Deutsche Gesellschaft für Internationale Zusammenarbeit, GIZ). Eins og myndin sýnir glögglega þá hefur ferðaðjónustan snertifleti við næstum allt samfélagið. Allt frá ferðaskrifstofum til nauðsynjavara og þar er heilbrigðisþjónusta ekki undanskilin eins og sést glögglega þegar rýnt er í neyslu erlendra ferðamanna. Myndin endurspeglar einnig þá grósku í nýsköpun tengdri ferðaðjónustu.



Mynd 11 – Virðisæðja ferðaðjónustu

Framlag ferðþjónustu til þjódarbúskaparins

Ferðþjónusta hefur verið í miklum vexti hér á landi sem og annars staðar á síðastliðnum tveimur áratugum. Samkvæmt tölum Eurostat er Ísland með þriðja hæsta hlutfall ferðþjónustu til vergu vinnsluvirðis í Evrópu, sbr. Mynd 12. Eurostat hefur ekki uppfært tölur um vinnsluvirði einstakra ríkja fyrir árið 2023.




Mynd 12 – Ferðþjónusta sem hlutfall af vergu vinnsluvirði í Evrópu árið 2019

Hagstofa Íslands birtir hlutféild einkennandi greina ferðþjónustunnar sem hlutfall af VLF. Mynd 17 sýnir hlutféild eftirfarandi greina í VLF, þ.e.a.s. flutninga með flugi, rekstur gististaða og veitingarekstrar ásamt ferðaskrifstofum, ferðaskipuleggjendum ásamt annarri bókunarþjónustu. Myndin sýnir ekki allar einkennandi greinar ferðþjónustu eins og Mynd 18 gerir.


Hlutféild ferðþjónustu af vergri landsframléiðslu (VLF) hefur vaxið mikið. Árið 2023 var hlutféild hennar 8,8% en fór næsthæst í 8,3% árið 2019. Það endurspeglar vöxtinn að hlutféild hennar var einungis 3,5% árið 2009, sbr. Mynd 18.

Mynd 13 sýnir hversu náíð samband var á milli þróunar í fjölda erlendra ferðamanna og hlutféildar ferðþjónustunnar í VLF á föstu verðlagi. Það samband helst til ársins 2016, fer síðan lækkanði, en

hækkaði svo aftur. Viðspyrna ferðaþjónustunnar sést vel á árinu 2023 þar sem hlutdeild ferðaþjónustunnar í VLF hækkar mjög skarpt.



Mynd 13 – Vísitala fjölda ferðamanna og vísitala hlutfalls ferðaþjónustu í VLF




Mynd 14 – Butler S-kúrfan

Forvitnilegt er að bera Mynd 13 við svokallaða Butler S-kúrfu sem sýnir mettun markaða, t.d. vegna ofnýtingar auðlinda, þar með talið náttúruperlana. Álykta má sem svo að ferðaþjónustan hér á landi sé í jöfnum og góðum vexti. Það hefur tekist að viðhalda áhuga erlendra


ferðamanna á áfangastaðnum Ísland með markvissri kynningu og mörkun landsins.

Mynd 15 og Mynd 16 gefa frekari vísbendingar um hvernig tekjur ferðaþjónustunnar hafa þróast. Myndirnar sýna hlutdeild ferðaþjónustunnar í VLF annars vegar á hvern ferðamann og hins vegar á hverja gistinótt að meðtöldum Íslendingum. Mynd 15 gefur til kynna að annaðhvort hafi þeir ferðamenn sem lögðu leið sína til landsins í heimsfaraldrinum eytt hlutfallslega meiru eða dvalið hér lengur að jafnaði, sbr. 2021. Ein tilgátan er sú að þeir sem urðu fyrir minni efnahagslegum áhrifum af heimsfaraldrinum hafi farið fyrr í ferðalög strax eftir heimsfaraldurinn enda var sparnaður heimila í hámarki í miðjum faraldri, sbr. meiri útgjöld ferðamanna árið 2021.⁶




Mynd 15 – Hluttur ferðaþjónustu í VLF deilt á hvern erlendan ferðamann – fast verðlag – þús. kr.

Mynd 16 virðist samt sem áður benda til lengri dvalartíma í heimsfaraldrinum. Þrátt fyrir þetta er áhugavert að sjá að þegar hlutdeild ferðaþjónustunnar í VLF á föstu verðlagi er deilt með fjölda ferðamanna þá virðist hver ferðamaður hafa gefið minna af sér með hverju árinu frá 2009 allt til ársins 2019.




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 16 – Hlutfur ferðþjónustu í VLF deilt á hverja gistinguött – fast verðlag – þús. kr.



Heimild: Hagstofa Íslands


Mynd 17 – Hlutdeild einkennandi greina ferðþjónustunnar til VLF á Íslandi



Mynd 18 – Hlutdeild ferðapjónustu í VLF á föstu verðlagi

Neysla erlendra ferðamanna

Hagstofa Íslands hefur skoðað ýmis gögn sem koma að góðu gagni við greiningu á framlagi íslenskrar ferðapjónustu til þjóðarþúskaþarans. Eitt athyglisverðasta framlagið er tilraunahagfræði um neyslu ferðamanna fyrir árið 2019.




Mynd 19 – Hlutfall neyslu erlendra ferðamanna af heildarneyslu á Íslandi árið 2019

Mynd 19 sýnir hlutdeild erlendra ferðamanna í heildarneyslu á ákveðnum vöru- og þjónustuflokkum. Samkvæmt niðurstöðum

Hagstofu Íslands er hlutdeild erlendra ferðamanna í heildarneyslu um 19%.

Ef nánar er rýnt í neyslu erlendra ferðamanna þá sýnir Mynd 20 að neysla erlendra ferðamanna nam um 503 milljörðum króna á árinu 2023. Þar af var neysla innan einkennandi greina ferðaþjónustunnar 424 milljarðar króna. Þetta er 27,4% aukning milli ára mælt á hlaupandi verðlagi og á gengi hvers árs fyrir sig.

Erlendir ferðamenn neyttu veitinga fyrir um 63 milljarða króna og keyptu gistingu fyrir um 122 milljarða króna. Innlendar bílaleigur veittu þjónustu til erlendra ferðamanna sem nam um 49 milljörðum króna á árinu 2023.




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 20 – Neysla erlendra ferðamanna í milljörðum króna á verðlagi hvers árs

Þjónustujöfnuður og ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta kallar á mikinn vöruinnflutning en þar má nefna, bifreiðar, matvæli, minjagrip, fatnað og aðrar neysluvörur. Þá er ótalinn innflutningur á flugvélum. Mynd 21 sýnir þjónustujöfnuð sem sýnir gjaldeyristekjur vegna inn- og útflutnings á þjónustu. Það sést glögg að mikill viðsnúningur hefur átt sér stað í útflutningi á samgöngum, flutningum og ferðalögum. Aðrir þjónustuliðir eru neikvæðir frá 2014. Árið 2023 sýnir fyrstu níu mánuði ársins en stærstu ferðamannamánuðirnir eru á þriðja ársfjórðungi. Almennt séð styður innflæði gjaldeyris, þar með talin bein fjárfesting, við gengi

innlendra gjaldmiðla. Gjaldeyrismarkaðir eru margflóknir og því má ekki fullyrða um of um áhrif jákvæðs þjónustujöfnuðar, þar sem annað útlæði getur haft áhrif á gengi gjaldmiðla.




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 21 – Heildarþjónustujöfnuður og valdir liðir í ferðþjónustu – milljarðar króna á verðlagi hvers árs


Hlutdeild ferðþjónustu í þjónustu- og vöruútflutningi

Hagstofa Íslands birtir tölur um valda liði útflutnings vöru og þjónustu en þar eru taldir upp liðir eins og útflutningur iðnaðarvara, sjávarafurða, tekjur af erlendum ferðamönnum ásamt öðru. Tölurnar sýna glögglega að ferðþjónustan hefur náð vopnum sínum aftur eftir heimsfaraldurinn. Rétt er að taka fram að útflutningstekjur af ferðþjónustu taka bæði til tekna af erlendum ferðamönnum hérlendis sem og erlendis.⁷ Hér er átt við þjónustu innlendra flugfélaga við erlenda ferðamenn í útlöndum. Tekjur af erlendum ferðamönnum námu um 499 milljörðum króna á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2024. Útflutningstekjurnar námu um 639 milljörðum króna á árinu 2023, m.v. fast verðlag og gengi. Á föstu verðlagi voru útflutningstekjurnar hæstar árið 2018 eða um 717 milljarðar króna. Hlutfall erlendra ferðamanna í útflutningi vöru og þjónustu var hæst 41,5% árið 2017. Hlutfallið fyrir fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins 2024 er 34,5%. Óbeint útflutningsverðmæti ferðþjónustunnar gæti verið meira en nýsköpun í greininni skapar töluverðar tekjur. Nánar tiltekið hefur hugverkaiðnaðurinn („Annað“ í flokkun Hagstofunnar) vaxið mjög mikið á undanfönum árum.



Heimild: Hagstofa Íslands & Reykjavík Economics


Mynd 22 – Valdir liðir útflutnings vöru og þjónustu frá 2013 til 2024 Á1-Á3 – milljarðar króna á fóstu verðlagi



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 23 – Valdir liðir útflutnings vöru og þjónustu frá 2013 til 2024 Á1-Á3 – hlutdeild (%)

Mynd 24 sýnir skiptingu þjónustuútflutnings Íslands eftir tegundum þjónustu. Ferðalög og flugsamgöngur eru rúmlega 70% þjónustuútflutningsins. Örlítil hluti þessa er fraktflug.




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 24 – Skipting þjónustuútflyttings eftir flokkum árið 2023


Gengi krónunnar og áskoranir í ferðaþjónustu

Ferðaþjónustan hér á landi hefur notið krafta frumkvöðla þar sem tækifærin hafa verið nýtt til fjárfestinga, þjálfunar starfsfólks ásamt því að auka gæði jafnt og þétt. Styrkleikinn liggur í tíðum flugferðum til Íslands bæði frá Evrópu og N-Ameríku ásamt þjónustustigi sem hefur orðið betra með hverju árinu sem líður. Þetta þýðir samt ekki að ferðaþjónustan búi ekki við áskoranir í rekstri.

Óljóst er hvort að breyting á gengi bandaríkjadals hafi í för með sér breyttar ferðavenjur. Á sama tíma og gengi bandaríkjadals gæti haft áhrif á ferðavenjur þeirra, þá hafa komur þeirra áhrif á gengið. Árið 2018 voru flestar komur erlendra ferðamanna en á þeim tíma var íslenska krónan sögulega sterk gagnvart bæði evru og bandaríkjadal. sbr. mynd 25 og mynd 26 sem sýnir raungengi krónu miðað við verðlag. Norska krónan hefur gefið mikið eftir gagnvart íslenski krónu og því er samkeppnisstaða Noregs sem ferðamannalands betri en áður. Noregur er áfangastaður sem býður upp sambærilega upplifun og Ísland, sbr. náttúrufegurð o.fl. Einhverjir erlendir ferðamenn gætu kosið að fara frekar til Noregs en Íslands út frá kostnaði og innlendu verðlagi.



Mynd 25 – Meðalmánaðargengi evru (EUR), dollars (USD) og norskrar krónu (NOK) gagnvart íslenskrri krónu



Mynd 26 – Raungengi krónunnar frá 1980 – 2024

Alþjóðlegar notendakannanir benda til þess að verð á veitingahúsum á Íslandi sé hátt í alþjóðlegum samanburði. Það á reyndar einnig við um Noreg og Danmörku en Ísland mælist næst hæst á eftir Sviss. Öll þessi lönd eru á topp tíu lista yfir hæsta verð veitingahúsa.⁸ Óljóst er

hvort að tekið sé tillit til þjófjár og annarra gjalda í þessum útreikningum.

Hagstætt raungengi íslensku krónunnar við upphaf vaxtarskeiðs ferðapjónustunnar gerði hana samkeppnishæfari um tíma.⁹ Ferðamenn gátu því ferðast hlutfallslega ódýrar til Íslands en fyrir alþjóðlegu fjármálakreppuna.


Aðrir þættir eins og hagfeld staðsetning Keflavíkurflugvallar í miðju Atlantshafi ásamt öflugum leiðarkerfi flugfélaga hefur án efa spilað rullu.

Í byrjun árs 2025 er raungengi krónunnar yfir langtímameðaltali tímabilsins 1980–2025.

Ferðapjónustan nálgast arðsemi viðskiptahagkerfisins

Hér að framan var horft til þjóðhagslegra áhrifa ferðapjónustunnar. Einnig er mögulegt – út frá gögnum Skattsins og Hagstofu Íslands – að skoða rekstrarhagfræðilega greiningu á einkennandi greinum ferðapjónustunnar.


Rekstrartekjur ársins 2023 voru hærri að raungildi en nokkru sinni fyrr og enn hærri en metárið 2018. Það er á föstu verðlagi ársins 2023. Ferðapjónustan hefur því náð verulegum árangri eftir erfiðleikana sem skullu á henni í heimsfaraldrinum COVID-19, sbr. Mynd 27.



Heimild: Hagstofa Íslands


Mynd 27 – Rekstrartekjur einkennandi greina ferðapjónustunnar á föstu verðlagi ársins 2023

Hagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) hefur aldrei verið hærri innan einkennandi greina ferðapjónustunnar, sbr. Mynd 28, en fjármagnsgjöld og afskriftir drógu úr hagnaði ársins 2023, sbr. Mynd 29. Það á líklega við fleiri atvinnugreinar en meginvextir og peningalegt aðhald Seðlabanka Íslands hefur verið mjög mikið undanfarin misseri.




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 28 – Hagnaður einkennandi greina ferðaþjónustunnar fyrir fjármagnsgjöld og skatta á föstu verðlagi ársins 2023



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 29 – Hagnaður einkennandi greina ferðaþjónustunnar eftir skatta á föstu verðlagi ársins 2023




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 30 – Hlutdeild heildartekna einkennandi greina ferðþjónustu af heildartekjum viðskiptahagkerfisins

Mynd 30 sýnir hlutdeild heildartekna einkennandi greina ferðþjónustunnar af heildartekjum viðskiptahagkerfisins.¹⁰ Það má glögglega sjá að vægi ferðþjónustunnar er vaxandi frá árinu 2009 þegar hún er 9,9% af viðskiptahagkerfinu. Hæst fór hlutfallið í 15,6% árið 2017. Hlutdeild greinarinnar af viðskiptahagkerfinu árið 2023 var mun hærri en árið 2022 eða um 13,6%.

Mynd 31 sýnir hagnað eða tap eftir skatta skv. ársreikningum fyrirtækja sem hlutfall af heildartekjum fyrirtækjanna. Í viðskiptahagkerfinu er miðgildi hagnaðar eftir skatta og fjármagnsgjöld, þ.e. hreinn hagnaður 7,6% af heildartekjum á árabilinu 2002–22 í samanburði við 2,2% í einkennandi greinum ferðþjónustu. Ef horft er á meðaltalstölur frá árinu 2011 til 2023 og tímabili heimsfaraldursins sleppt, þ.e. árinu 2020, þá er meðaltalshagnaðarhlutfall annars vegar 9,3% hjá viðskiptahagkerfinu og hins vegar 3,2% hjá einkennandi greinum ferðþjónustunnar. Ferðþjónustan virðist skv. myndinni þola betur efnahagsáföll en heimsfaraldur. Viðskiptahagkerfið varð mun verr úti vegna afleiðinga alþjóðlegu fjármálakreppunnar árið 2008. Hafa verður í huga að ferðþjónustan var mun umfangsminni árið 2008 en í dag.



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 31 – Hagnaðarhlutdeild (tap) viðskiptahagkerfisins í samanburði við einkennandi greinar ferðapjónustu


Samkvæmt rekstrarhagfræðilegri greiningu er ljóst að viðskiptahagkerfið er mun arðsamara en einkennandi greinar ferðapjónustunnar. Hvað veldur er óljóst. Æskilegt væri að rekstraraðilar í ferðapjónustu myndu greina afkomu sína með tilliti til þess hvort mögulegt væri að hagræða í rekstri til þess að ná ásættanlegri arðsemi. Hafa ber í huga að atvinnugreinin er vinnuaflsfreak og því gæti launakostnaður í ferðapjónustu verið hlutfallslega hærri en í viðskiptahagkerfinu. Ekki er ólíklegt að fjármagnsstofn viðskiptahagkerfisins sé hlutfallslega hærri en í ferðapjónustu og því sé nauðsynlegt að hagnaðarhlutfall sé herra. Að þessu sögðu er rétt að geta þess að fasteignir sem nýttar eru af ferðapjónustunni eru oftast en ekki í eigu sérhæfðra fasteignafélaga. Hið sama gæti átt við um flugvélar.

Helstu vaxtargreinar ferðapjónustu

Skýrsluhöfundum þótti áhugavert að greina betur vöxt einstakra atvinnugreina innan ferðapjónustu en einnig aðrar greinar sem njóta óbeins ávinnings af vexti ferðapjónustunnar. Myndirnar hér að neðan sýna breytingar á fjölda starfsmanna (x-ás) og rekstrartekjur (y-ás) yfir 10 ára tímabil annars vegar og 5 ára hins vegar.

Myndirnar gefa vísbendingar um hvort að framleiðniaukning hafi orðið innan undirgreina ferðapjónustunnar eða ekki. Yfir tíu ára tímabil sést að tekjuvöxtur gististaða á föstu verðlagi er langt umfram


aukningu vinnuafls. Ferðaskrifstofur hafa vaxið svipað þegar kemur að veltu og mannauði. Ástæða þessa er líklega að hver og einn leiðsögumaður getur einungis þjónustað ákveðinn fjölda ferðamanna.



Mynd 32 – Helstu vaxtargreinar ferðaþjónustunnar og tengdra greina frá 2014-2023

Ef horft er til fimm ára tímabils þá hefur tekjuaukning vegna rekstrar gististaða verið yfir 20% án þess að störfum hafi fjölgað. Hvað veldur samdrætti í ráðstefnum er ekki alveg ljóst en greinilegt að tekjur hafa verið umtalsvert hærrí fyrir fimm árum síðan en í dag. Veitingastöðum hefur tekist að auka veltu hlutfallslega meira en fjölgun starfa.

Almennt séð hefur viðskiptahagkerfið vaxið meira en fjölgun starfa gefur til kynna.




Heimild: Hagstofa Íslands og Reykjavík

Mynd 33 – Helstu vaxtargreinar ferðaþjónustunnar og tengdra greina frá 2019-2023

Kreditkortanotkun erlendra ferðamanna

Ein aðferð við að meta neyslu erlendra ferðamanna er að rýna í gögn Seðlabanka Íslands um erlenda kreditkortaveltu. Mynd 34 sýnir kortaveltu frá árinu 2003 til 2024 á föstu verðlagi.



■ Heildarúttekt erlendra debet- og kreditkorta hérlandis á föstu verðlagi ársins 2024


Heimild: Seðlabanki Íslands

Mynd 34 – Heildarúttekt erlendra debet- og kreditkorta hérlandis á föstu verðlagi ársins 2024 – milljarðar króna

Erlend kortavelta ársins 2024 var lægri en árin 2017 og 2018 en 2017 var metár í kortanotkun erlendra ferðamanna.

Skattaleg áhrif

Fjármál hins opinbera hafa á undanförnum áratugum kallað á frekari skattheimtu. Umfang hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) hefur farið vaxandi. Árið 1980 námu útgjöld hins opinbera hér á landi 34,1% af VLF en þau voru 45,5% árið 2023 án millifærslna. Vaxandi útgjöld hafa kallað á umfangsmeiri skattheimtu en áður. Þjónusta og innviðaupbygging hins opinbera hefur vaxið í hlutfalli við aukin útgjöld.



Heimild: Hagstofa Íslands


Mynd 35 – Umsvif hins opinbera sem hlutfall af VLF

Ísland er komið á topp 12 listann innan OECD ríkjanna þegar kemur að umsvifum hins opinbera, sbr. Mynd 36.

Útgjöld hins opinbera á Íslandi námu rúmlega 46% af vergri landsframleiðslu (VLF) skv. tölum OECD árið 2022. Ísland nýtur þess að hafa öflugt söfnunarkerfi lífeyris en sum lönd hér að ofan greiða lífeyri beint úr opinberum sjóðum sem ætti að auka útgjöld að öðru jöfnu.

Opinber útgjöld í Danmörku og Noregi eru lægri sem hlutfall af VLF en hér á landi. Útgjöld þeirra eru 45,3% í tilfalli Danmerkur en 39,2% í tilfalli Noregs.

Þetta er umhugsunarefni þar sem aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar er hagstæð og Ísland veitir sáralitlum fjármunum til varnarmála.



Heimild: OECD

Mynd 36 – Hlutfall opinberra útgjalda af VLF (%) árið 2022 – valin OECD lönd

Noregur og Danmörk veita um 1,65% af VLF til þess málaflokks. Finnar leggja til 2,45% af VLF til varnarmála. Þau framlög fara hækkandi frekar en lækkandi vegna stöðu alþjóðamála.

Umsvif hins opinbera á Íslandi yrðu mun meiri ef þeim útgjöldum væri bætt við. Öldrun þjóðarinnar er áskorun til framtíðar.

Atvinnugreinar sem og stórfyrirtæki hafa verið undir sívaxandi þrýstingi að gera grein fyrir skattaáhrifum sínum. Sérstaklega þau fyrirtæki sem starfa víða um heim í mismunandi skattalegu umhverfi. Hagaðilar, þar með taldir lýðræðislega kjörnir fulltrúar, hafa í ríkari mæli krafist þess að fyrirtæki sem og atvinnugreinar geri betur grein fyrir framlagi sínu til sameiginlegra málaflokka. Lengi hefur verið óljóst hvaða skatta fyrirtæki greiða og hversu mikið þau greiða í heild. Ársreikningar fyrirtækja og hefðbundnar reikningsskilaaðferðir gera einungis grein fyrir tekjuskatti fyrirtækja en ekki öðrum gjöldum og sköttum sem greiddir eru af fyrirtækjum eða atvinnugreinum í heild.

Skattaleg áhrif taka í raun til allra skatta og gjalda sem einstaklingur, fyrirtæki eða atvinnugrein greiðir á ákveðnu tímabili, t.d. innan eins árs. Skattar og gjöld eins og tekjuskattur, fasteignaskattur, virðisaukaskattur o.s.frv. eru allt skattar sem flestir þekkja.

Þessi utanaðkomandi þrýstingur hefur því hvatt mörg fyrirtæki til að reikna út skattaleg áhrif sín í einstökum skattaumdæmum, löndum eða jafnvel alþjóðlega.

Íslensk fyrirtæki hafa í æ ríkari mæli birt skattaáhrif sín.

Skattaleg áhrif fyrirtækja í íslenskri ferðaþjónustu

Starfsemi fyrirtækja í einkennandi greinum ferðaþjónustu snerta mjög marga þætti hagkerfisins. Stærri fyrirtæki hafa reiknað skattaleg áhrif sín í tengslum við útgáfu ársskýrslna.¹¹

Skattaleg áhrif ferðaþjónustunnar í þröngum skilningi

Við útreikning skattalegra áhrifa einkennandi greina ferðaþjónustunnar var stuðst við ársreikninga greinarinnar í gagnagrunni Hagstofu Íslands fyrir árið 2023 sem eiga uppruna sinn hjá Skattinum.

Fjöldi starfsmanna innan atvinnugreinarinnar, samkvæmt mánaðarlegum staðgreiðslugögnum, þ.e. þeir sem eru bæði í fullu starfi sem og hlutastarfi, var áætlaður 31.418 manns. Ef þær tölur eru leiðréttar m.v. ársreikningaskrá þá er áætlað að fjöldi starfsmanna innan ferðaþjónustu sé um 28.403 á árinu 2023. Samkvæmt rannsókninni voru mánaðarlaun að jafnaði um 656.992 kr. á árinu 2023. Hæstu mánaðarlaunin voru kr. 1.091.320 í flugi (ÍSAT 511).

Meðaltal gefur ekki góða mynd af hæstu launum í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar. Bæði eru hlutastörf algeng og svo eru stéttir sem hafa mun hærri laun en gengur og gerist en þar má nefna flugmenn og stjórnendur innan ferðaþjónustunnar.

Samkvæmt uppfærðum tölum úr ársreikningum fyrirtækja var launakostnaður fyrirtækja í einkennandi greinum ferðaþjónustu 270 milljarðar króna á árinu 2023. Meðallaunakostnaður ársins 2023 var 792.202 kr. með launatengdum gjöldum.

Tafla 1 hér að ofan sýnir þröngt skilgreind skattaleg áhrif ferðaþjónustunnar án styrkja.

Miðað við þröngu skilgreininguna nema skattaleg áhrif því tæplega 106,5 milljörðum króna á árinu 2023.

Skattaáhrif á verðlagi ársins 2023	Áætluð skattaáhrif 2023
Áætlaður tekjuskattur fyrirtækja	9.434.000.000
Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign af meðalheildarlaunum	30.453.987.168
Tryggingagjald af meðallaunum	16.138.933.751
Tekjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	50.462.307.015
Samtals skattaáhrif – krónur	106.489.227.934

Tafla 1 – Skattaleg áhrif – þröng skilgreining – einkennandi greina ferðaþjónustunnar

Reiknaður var út áætlaður fasteignaskattur samkvæmt reiknilíkani Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Áætlaðir fasteignaskattar á gístihús, hótél og veitingahús	Fast verðlag 2023				
	2019	2020	2021	2022	2023
Fasteignaskattar þús. kr.	4.557.313	3.774.875	3.772.024	4.140.351	4.367.712

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 37 – Reiknaðir fasteignaskattar á gístihús, hótél og veitingahús

Útskattur virðisaukaskatts í ferðaþjónustu og skattaleg áhrif

Ferðaþjónusta er starfsemi sem greiðir virðisaukaskatt af innlendri neyslu ferðamanna og gistingu. Nokkuð flóknar reglur gilda um virðisaukaskattskil ferðaþjónustunnar en á vef Skattsins segir m.a.: „Ferðaþjónusta og önnur ferðatengd þjónusta er almennt virðisaukaskattsskyld í almennu skatthlutfalli virðisaukaskatts, 24%, eða í lægra skatthlutfalli virðisaukaskatts, 11%. Í einstaka tilvikum er ferðatengd þjónusta undanþegin virðisaukaskatti, svo sem sala á veiðileyfum í ár og vötn.“ Gisti- og veitingaþjónusta er almennt í lægra skattþrepi. Fólksflutningar á milli landa eru undanþegnir virðisaukaskatti. Vísað er á vefsvæði Skattsins um virðisaukaskatt og ferðaþjónustu.¹²

Skattaáhrif á verðlagi ársins 2023	Áætluð skattaáhrif 2023
Áætlaður tekjuskattur fyrirtækja	9.434.000.000
Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign af meðalheildarlaunum	30.453.987.168
Tryggingagjald af meðallaunum	16.138.933.751
Tekjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	50.462.307.015
Samtals skattaáhrif – krónur	106.489.227.934

Virðisaukaskattur	2023
Virðisaukaskattur (útskattur)	73.456.542.179
Samtals greiddur útskattur VSK	73.456.542.179

Samtals skattaáhrif einkennandi greina ferðaþjónustunnar án innskatts (VSK) og styrkja	179.945.770.113
Fasteignaskattar	4.367.712.000
Samtals skattaáhrif einkennandi greina ferðaþjónustunnar með fasteignasköttum en án innskatts (VSK) og styrkja	184.313.482.113


Tafla 2 – Skattaleg áhrif ferðaþjónustu með útskatti VSK og fasteignasköttum

Óskað var eftir sérvinnslu frá Hagstofu Íslands um greiddan útskatt eftir þrepum VSK og er niðurstaðan sú að einkennandi greinar ferðaþjónustu greiddu samtals um 73 milljarða króna í útskatt.

Með útskatti og án styrkja eru heildarskattaleg áhrif ferðaþjónustunnar tæplega 180 milljarðar króna, sbr. Tafla 2 og Tafla 3 sem sýnir yfirlit á föstu verðlagi frá árinu 2019 til 2023. Ef fasteignasköttum er bætt við þá eru heildarskattaleg áhrif rúmlega 184 milljarðar króna.


Fyrirtæki í ferðaþjónustu njóta þess að fá endurgreiddan innskatt af kaupum á vöru og þjónustu allt að því þar til að endanlegur neytandi t.d. gisti- eða veitingaþjónustu greiðir endanlegt verð með VSK.

Innskattur einkennandi greina ferðaþjónustunnar var á árinu 2023 samtals 68,5 milljarðar króna. Þetta er endurgreiðsla á skatti sem skilað var í ríkissjóð frá þriðja aðila eða birgjum.



Heimild: Hagstofa Íslands, Skatturrinn & Reykjavík Economics

Mynd 38 – Skattaleg áhrif einkennandi greina ferðaþjónustunnar á föstu verðlagi ársins 2023 án VSK og fasteignaskatta



Heimild: Hagstofa Íslands, Skatturrinn & Reykjavík Economics


Mynd 39 – Skattaleg áhrif einkennandi greina ferðaþjónustunnar á föstu verðlagi ársins 2023 með VSK og fasteignasköttum á gistihús, hótél og veitingahús

Skattaáhrif á verðlagi ársins 2023	Áætlun skattaáhrif 2023	Áætlun skattaáhrif 2022	Áætlun skattaáhrif 2021	Áætlun skattaáhrif 2020	Áætlun skattaáhrif 2019	Samantals skattaáhrif 2019 til 2023
Áætlun tekjuskattur fyrirtækja	9.434.000.000	7.127.173.913	2.248.470.495	19.250.315.833	2.411.175.416	2.526.436.999
Móttíðing atvinnurekenda í lífeyrisjóð og séreign af meðalheimilalaunum	30.453.987.168	27.354.142.765	18.734.678.089	17.025.266.859	28.257.990.040	121.826.064.922
Tryggingagjald af meðallaunum	16.138.933.751	14.496.187.165	9.928.346.225	9.022.452.542	14.975.176.376	64.561.096.059
Teikjuskattur og útsvar launþega af meðallaunum	50.462.307.015	44.742.556.312	29.091.393.059	26.235.611.271	48.640.803.051	199.172.670.709
Samantals skattaáhrif – krónur	106.489.227.934	93.720.060.156	55.505.946.878	33.033.014.839	94.285.144.884	383.033.394.692
Virðisaukaskattur	2023	2022	2021	2020	2019	Samantals VSK
Virðisaukaskattur (útskattur)	73.456.542.179	66.697.141.022	42.114.323.181	29.113.244.729	61.257.182.787	272.638.433.897
Samantals greiddur útskattur VSK	73.456.542.179	66.697.141.022	42.114.323.181	29.113.244.729	61.257.182.787	272.638.433.897
Samantals skattaáhrif einkemandi greina ferðþjónustunnar án innskatts (VSK) og styrkja	179.945.770.113	160.417.201.178	97.620.270.060	62.146.259.568	155.542.327.671	655.671.828.589
Fasteignaskattur	4.367.712.000	4.140.351.000	3.772.024.000	3.774.875.000	4.557.313.000	20.612.275.000
Samantals skattaáhrif einkemandi greina ferðþjónustunnar með fasteignasköttum en án innskatts (VSK) og styrkja	184.313.482.113	164.557.552.178	101.392.294.060	65.921.134.568	160.099.640.671	676.284.103.589

Tafla 3 – Skattaleg áhrif einkemandi greina ferðþjónustunnar í heild á föstu verðlagi ársins 2023

Skattaleg áhrif einstakra greina innan ferðþjónustu

Samtök ferðþjónustunnar óskuðu eftir að skattaleg áhrif atvinnugreina innan ferðþjónustunnar yrðu greind. Mynd 40 sýnir yfirlit yfir helstu atvinnugreinar sem flokkast undir hagstofuflokkinn, einkennandi greinar ferðþjónustunnar. Það kemur ekki á óvart að farþegaflutningar með flugi leggi til hæstu skattalegu áhrifin.




Mynd 40 – Skattaleg áhrif einstakra atvinnugreina innan ferðþjónustunnar án vsk

Tafla 4 sýnir á sama hátt skattaleg áhrif hvernar atvinnugreinar á árabílinu 2019–23 en nánar er fjallað um hvert og eitt ÍSAT númer í viðauka.

Skattaáhrif á verðlagi ársins 2023	Áætluð skattaáhrif 2023	Áætluð skattaáhrif 2022	Áætluð skattaáhrif 2021	Áætluð skattaáhrif 2020	Áætluð skattaáhrif 2019	Samanlagt skattaáhrif 2019 til 2023
Millilanda- og strandsiglingar með farþega (ÍSAT nr. 501)	1.448.258.270	1.181.981.796	831.837.474	653.746.545	1.215.554.575	5.331.378.660
Þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi (ÍSAT nr. 5223)	9.885.594.779	8.242.771.784	5.097.945.362	4.513.256.306	9.264.428.765	37.003.996.996
Farþegaflutningar með flugi (ÍSAT nr. 511)	27.705.911.907	23.455.088.494	11.857.002.635	4.445.679.488	26.462.303.764	93.925.986.288
Hótel og gistiheimili (ÍSAT nr. 551) & Orlofsdvalarstaðir og annars konar gistaðstaða (ÍSAT nr. 552)	19.997.604.426	15.899.766.346	8.956.537.557	4.325.115.419	17.268.595.596	66.447.619.344
Veitingastaðir (ÍSAT nr. 561) & Krár, kaffihús og dansstaðir o.þ.h. (ÍSAT nr. 563)	17.967.928.487	17.234.274.409	13.692.598.328	10.201.304.040	14.372.634.913	73.468.740.176
Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bóknarþjónusta (ÍSAT nr. 79)	13.062.791.084	9.049.878.714	4.232.110.416	2.702.849.442	9.945.218.715	38.992.848.371
Aðrir farþegaflutningar á landi (ÍSAT nr. 4939)	4.328.894.610	4.201.267.048	2.485.320.128	2.085.989.816	5.153.882.140	18.255.353.742
Leiga á vélknúnum ökutækjum (ÍSAT nr. 771)	6.023.688.586	6.592.836.885	3.618.575.683	885.383.941	4.261.158.903	21.381.643.997
Skattaleg áhrif annarra greina ferðþjónustunnar	6.068.555.787	7.862.194.680	4.734.019.296	3.219.689.842	6.341.367.512	28.225.827.117
Samtals skattaáhrif einkennandi greina ferðþjónustunnar	106.489.227.934	93.720.060.156	55.505.946.878	33.033.014.839	94.285.144.884	383.033.394.692

Tafla 4 – Skattaleg áhrif einstakra atvinnugreina innan ferðþjónustunnar án vsk eftir árum

Eins og áður hefur komið fram starfa um 30 þúsund manns innan ferðapjónustunnar og var hlutdeild hennar af vinnumarkaði um 14,4% árið 2023, sbr. Mynd 41.



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 41 – Hlutdeild einkennandi greina ferðapjónustunnar á vinnumarkaði

Tafla 5 sýnir þróun vinnumarkaðar í einkennandi greinum ferðapjónustunnar frá árinu 2019. Stærsti vinnuveitandinn innan atvinnugreinarinnar eru veitingastaðir og kaffihús (ÍSAT 561 & 563). Samanlagt störfuðu um 15 þúsund manns innan veitinga- og gistihúsageirans árið 2023 eða um helmingur allra þeirra er starfa innan einkennandi greina ferðapjónustunnar.

Fjöldi launþega innan einkennandi greina ferðapjónustunnar	2023	2022	2021	2020	2019
Millilanda- og strandsiglingar með farþega (ÍSAT nr. 501)	297	314	228	219	309
Þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi (ÍSAT nr. 5223)	1.673	1.483	1.168	1.227	1.606
Farþegaflutningar með flugi (ÍSAT nr. 511)	4.512	3.662	2.406	3.088	4.237
Hótel og gistiheimili (ÍSAT nr. 551) & Orlofsdvalarstaðir og annars konar gistaðstaða (ÍSAT nr. 552)	6.438	6.170	4.042	3.850	6.486
Veitingastaðir (ÍSAT nr. 561) & Krár, kaffihús og dansstaðir o.þ.h. (ÍSAT nr. 563)	8.768	8.970	7.527	6.627	8.334
Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bóknarþjónusta (ÍSAT nr. 79)	2.978	2.587	1.643	1.664	2.819
Aðrir farþegaflutningar á landi (ÍSAT nr. 4939)	1.240	1.173	842	940	1.422
Leiga á vélknúnum ökutækjum (ÍSAT nr. 771)	1.229	1.108	784	794	1.097
Launþegar innan annarra greina ferðapjónustunnar	1.268	1.080	666	782	1.124
Samtals fjöldi launþega skv. ársreikningum	28.403	26.547	19.306	19.191	27.434

Tafla 5 – Fjöldi launþega eftir greinum ferðapjónustunnar skv. ársreikningum

Aðrar sértekjur af ferðapjónustu

Eins og fram hefur komið eru ýmsir aðilar með töluverðar sértekjur af ferðapjónustu. Hér má nefna hin ýmsu flugvallargjöld, lendingargjöld, hafnargjöld, sértekjur þjóðgarða, bílastædagjöld, gestagjöld, svæðisgjöld sem og önnur þjónustugjöld. Þá eru jafnframt ýmis krónutölugjöld og nefskattar sem ferðamenn greiða við neyslu innanlands líkt og bensín- og olúgjöld, kolefnisgjald, bifreiðagjald, kílómetragjald og áfengisgjald.

Ferðapjónustan hefur haft forgöngu um aðgangsstýringu sem yfirleitt fer í gegnum gjaldtöku, t.d. af bílastæðum. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur innleitt slíka gjaldtöku með góðum árangri.

Rammagrein: Sértekjur þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var með 550 milljónir króna í sértekjur á árinu 2024. Þ.a. voru tekjur af bílastæðum 250 milljónir króna. Samkvæmt upplýsingum frá þjóðgarðinum þá hafa tekjurnar vaxið í takt við fjölda ferðamanna. Tekjurnar samanstanda af bílastædagjöldum, lóðarleigu, leigu á tjaldsvæðum, sölu veiðileyfa, tekjur af sýningu, ásamt af veltutengdri afkomu þjónustuaðila á Haka og í gömlu þjónustumiðstöðinni. Útgjöld þjóðgarðsins eru veruleg, t.d. vegna starfsmannahalds, fráveitu með bílum, verndun umhverfis og fleiri þátta.

Þjóðgarðurinn naut einnig framlags úr ríkissjóði er nemur um 128 milljónum króna.

Rétt er að halda til haga að algengt er að áhugaverðir áfangastaðir sem og þjóðgarðar njóti framlags frá hinu opinbera. Nefna má að Þjóðgarðsstofnun Bandaríkjanna nýtur framlaga frá alríkisstjórninni en framlagið mun nema 3,57 milljörðum bandaríkjadala á árinu 2025. Gestir þjóðgarðanna voru um 325,5 milljónir árið 2023 og námu útgjöld þeirra innan þjóðgarðanna um 23,9 milljörðum bandaríkjadala.

Ýmis framlög til verkefna á málefnasviði ferðapjónustu

Stuðningur hins opinbera við ferðapjónustuna var töluverður í heimsfaraldrinum á árunum 2020 til 2021. Þessir styrkir fóru minnkandi á árinu 2022.

Almennt séð styður hið opinbera við atvinnugreinar með margs konar styrkjum, þjónustu eða vísindastarfi. Það er innan málefnasviðs viðkomandi ráðuneytis. Það gerir samanburð milli atvinnugreina

erfiðari en nefna má ýmsa beina eða óbeina styrki til landbúnaðar og/eða sjávarútvegs. Hér má nefna rekstur vísinda- og eftirlitsstofnanna ásamt ýmissi annarri þjónustu sem hið opinbera veitir. Í því samhengi má nefna Framkvæmdasjóð ferðamannastaða en framlag í sjóðinn nam um 550 milljónum króna árið 2023. Flugþróunarsjóður fær einnig fjármuni úr ríkissjóði sem koma bæði innlendum sem og erlendum notendum þjónustunnar til góða.

Að telja upp og bera saman fjárhagslegan stuðning eða þjónustu milli atvinnugreina er almennt flókið sérstaklega í samhengi skattalegra áhrifa.

Reiknaðir skattastyrkir hins opinbera

Fjármálaráð reiknar skattastyrki ýmissa atvinnugreina og málaflokka. Skattastyrkir í heild námu samtals 137,5 milljörðum króna. Það eru skattastyrkir til málefna eins og húsnæðismála, fjölskyldumála, umhverfismála o.s.frv.

Í ferðaþjónustu koma svokallaðir skattastyrkir til vegna áhrifa tveggja þrepa virðisaukaskattskerfis á einkennandi greinar ferðaþjónustu.

Samkvæmt samþykktu frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2025 voru skattastyrkir til ferðaþjónustunnar metnir á um 26 milljörða króna á árinu 2023. Það er reiknuð stærð sem metur þó ekki áhrifin af því að færa greinar ferðaþjónustu sem nú eru í 11% virðisaukaskattsþrepinu upp í 24% þrepið.

Þessir útreikningar miða aðeins við eftirgefnar tekjur (e. revenue foregone method). Það er ákveðin einföldun en almenn aðferð og venja sem notuð er við mat á skattastyrkjum sem slíkum. Aðferðafræðin reiknar þannig ekki með viðbrögðum eftirspurnar eftir ferðaþjónustu við verðhækkun og gerir ráð fyrir óbreyttu sölumagni.¹³

Hagrannsóknir sf. skoðaði hins vegar og framkvæmdi slíkt áhrifamat á hækkun hlutfalls virðisaukaskatts á veigamiklar greinar í ferðaþjónustu eins og gistipjónustu og veitingaþjónustu úr 11% í 24%. Almenn greining Hagrannsóknna sf. á grundvelli viðtekinnar þjóðhagfræði bendir til þess að slík hækkun muni auka opinberar skatttekjur mun minna en nemur hækkun virðisaukaskattshlutfallsins og ef til vill lækka þær í framtíðinni miðað við það sem að öðrum kosti hefði orðið. Í skýrslu Hagrannsóknna sf. segir jafnframt: „Hærra hlutfall virðisaukaskatts á greinar ferðaþjónustu dregur úr umsvifum í ferðaþjónustu, lækkar verga landsframleiðslu og í framhaldinu

opinberar skatttekjur, en lækkun virðisaukaskattshlutfalls hefur gagnstæð áhrif.“¹⁴

Ferðaþjónusta er ekki að ástæðulausu að hluta til í 11% virðisaukaskattsþrepi á Íslandi. Meirihluti ríkja Evrópusambandsins hafa fleiri en eitt virðisaukaskattsþrep, til dæmis eru þau flest nú með lægra virðisaukaskattshlutfall á matvæli að hluta eða miklu leyti. Einnig hafa flest þessara landa ýmsar greinar ferðaþjónustu í neðra þrepi svo sem gisti- og veitingaþjónustu.

Halda ber því til haga að aðeins eitt ríki innan ESB, Danmörk, er með eitt og sama hlutfallið á alla virðisaukaskattskylda starfsemi. Öll önnur hafa a.m.k. tvö þrep virðisaukaskatts og sum fleiri. Þannig hafa flestar þjóðir, og sérstaklega þær sem byggja efnahag sinn að nokkru á ferðaþjónustu, séð mikilvægi þess að viðhalda samkeppnishæfni sinni til að laða að ferðamenn. Það er ein meginástæða þess að allar ESB þjóðir, að Danmörk undanskilinni, setja til dæmis gistiþjónustu í lægra þrep virðisaukaskatts, og flestar einnig veitingaþjónustu, líkt og segir í skýrslu Hagrannsóknna sf.

Samkeppnisstaða og skattar

Almennt séð hafa skattar og styrkir áhrif á neyslu- og fjárfestingarhegðun einstaklinga og fyrirtækja. Hækkun skatta á ákveðnar vörur, t.d. á tóbak dregur almennt séð úr neyslu þess. Hið sama á við um lækkun skatta. Styrkir til kaupa á rafbílum stuðla að aukinni eftirspurn eftir slíkum ökutækjum vegna stefnu stjórnvalda í orkuskiptum. Stjórnvöld hafa t.d. stuðlað að vexti kvikmyndagerðar hér á landi með skattaafsláttum.

Skattar og gjöld snúa í raun að samkeppnisstöðu atvinnugreina og þar takast á vöxtur atvinnuvega og hversu miklu er skilað af afrakstri atvinnugreina til samneyslunnar. Eins og komið hefur verið að hér eru mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu lítil og því með lægri arðsemi en önnur fyrirtæki. Hækkanir á sköttum og gjöldum geta þar með skilið á milli feigs og ófeigs. Fasteignaskattar geta komið verr við fyrirtæki í ferðaþjónustu en skattar á hagnað. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lét framkvæma úttekt á skattaumhverfi ferðaþjónustunnar árið 2017. Þar kom m.a. fram að ákveðinn freistnivandi væri falinn í því að leggja skatta á alþjóðlega ferðamenn þar sem að kjósendur myndu ekki draga stjórnámamenn til pólitískrar ábyrgðar. Samkvæmt skýrslunni er algengasti ferðamannaskatturinn í formi gistináttgjalds en einnig af virðisaukaskatti, fasteignasköttum ásamt fyrirtækjasköttum sem og sköttum á starfsfólk. Hótel og gistihús sem og flugfélög hafa innleitt

háþróuð kerfi verðaðgreiningar sem miðast við árstíð, staðsetningu, nýtingu o.s.frv. Samanber bókunarvélur á netinu sem flestir eru milliliðir milli gististaðarins og endanlegs viðskiptavinar. Framboð af hótél og gististöðum er einnig ósveigjanlegt til skamms tíma þar sem það tekur tíma að byggja nýja gististaði. Íbúðir í skammtímaleigu (deiliahagkerfið) geta þó haft áhrif á framboð til skamms tíma.¹⁵

Tegund ferðamennsku skiptir miklu máli, þ.e. hvernig upplifun sóst er eftir. Ferðamennska tengd heilsu og lækningum er almennt séð með lægri tekju- og verðteygni en t.d. hefðbundin sólarlandaferðamennska. Í ljósi þessa eru áskoranir fólgnar í því að meta hvaða áhrif gjöld og skattar hafa á eftirspurn eftir ferðþjónustu.

Almennt séð eru flestir hagfræðingar sammála um það að ef það væri markmið stjórnvalda að fá færri ferðamenn hingað til lands þá væri einfaldast að koma á háum komugjöldum og/ eða hækka neysluskatta á ferðamenn.


Hækkun virðisaukaskatts á ferðþjónustu ásamt öðrum gjöldum geta haft mikil áhrif á eftirspurn eftir þjónustunni en einnig dregið úr fjárfestingum sem hafa það m.a. að markmiði að draga að ferðamenn. Þegar rætt er um skattlagningu þá gleymist oft að greina kosti og galla hennar. Auknar álögur á ferðþjónustuna gætu haft mjög neikvæðar afleiðingar í för með sér. Hækkun virðisaukaskatts á gisti- og veitingastarfsemi dregur líklega úr eftirspurn og færir neyslumynstur í aðra ódýrari kosti. Hér er um að ræða svokölluð staðgönguáhrif. Í stað þess að nýta sér veitingahúsaþjónustu gætu ferðamenn í auknu mæli keypt matvæli í dagvöruverslunum og nýtt sér hjólhýsi/ tjald í stað hótélgestingar. Nánar eru fjallað um þessi áhrif í skýrslu Hagrannsókna sf. (2023) fyrir SAF.

Hvað er hagkvæmasti skattur í hagfræðilegu tilliti m.v. bestu nýtingu vinnuafis, fjármagns og auðlinda er eitthvað sem hægt væri að skrifa um í löngu máli.

Áhrif einstakra atvinnugreina í ferðaþjónustu á efnahag

Ferðaþjónustan ber ýmis önnur gjöld eins og eldsneytisgjöld og þjónustugjöld. Hér verður minnst á nokkra gjaldliði sem viðkoma ferðaþjónustu en eru ekki taldir með í skattalegum áhrifum. Margt af neðangreindu eru þjónustugjöld sem eru ætluð til uppbyggingar, rekstrar og viðhalds innviða. Umfjöllunin hér að neðan þarf frekari rannsókna við en gefur samt innsýn í umfang ferðaþjónustunnar.

Olíusala er nátengd umfangi ferðaþjónustunnar. Mynd 42 sýnir þróun eldsneytissölu í flug. Áhrif heimsfaraldursins sjást vel á myndinni en verulega dró úr sölu flugvélaeldsneytis. Rétt er að taka fram að íslenskir flugrekendur hafa tekið í notkun mun sparneytnari farþegaþotur á undanförunum árum. Það gæti skýrt m.a. minni eldsneytissölu á árinu 2023.




Heimild: Orkustofnun

Mynd 42 – Eldsneytissala á Íslandi í flug – þúsundir tonna


Mynd 43 sem sýnir eldsneytissölu til bifreiða, þ.e. vegasamgangna, en áhugavert er að COVID-19 hefur hlutfallslega minni áhrif á eldsneytissölu í þeim flokki. Skýringin liggur líklega í aukinni innlendri ferðatíðni Íslendinga innanlands í heimsfaraldrinum.

Það magn olíu sem flutt er hingað til lands vegna ferðaþjónustunnar ætti að öllu jöfnu að gefa betri innkaupskjör en ef ferðaþjónustan væri ekki til staðar. Ferðaþjónustan gæti því haft óbein áhrif á olíuverð til hagsbóta fyrir allan almenning.



Heimild: Orkustofnun

Mynd 43 – Eldsneytissala á Íslandi vegna vegasamgangna – þúsundir tonna



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 44 – Innflutningur á eldsneyti (CIF) – milljarðar kr. á föstu verðlagi ársins 2024

Olíu- og kolefnisgjöld á bifreiðanotkun eru áætluð m.v. díselolíu, 98,7 kr. á lítra. Þessi gjöld eru ætluð til uppbyggingar innviða og viðhalds vegakerfisins.

Tekjur af eldsneytisgjöldum

Við mat á eldsneytisgjöldum var horft til eftirfarandi þátta. Fjöldi bílaleigubíla eru að jafnaði um 30 þúsund talsins. Leitað var til bílaleigufyrirtækja fyrir upplýsingar um meðalakstur hvernar bifreiðar á ári og meðaleldsneytisneyslu. Niðurstaðan var sú að bílar í heilsársleigu væru eknir um 34.000 km á ári.¹⁶ Einnig var leitað upplýsinga um eldsneytisnotkun hópferðabifreiða og reynt að áætla eldsneytisnotkun leigubifreiða. Tafla 6 sýnir áætluð eldsneytis- og kolefnisgjöld o.fl. án virðisaukaskatts. Hér er m.v. kr. 98,7 á hvern lítra eldsneytis. Hafa skal fyrirvara á tölunum að hér er um áætlun m.v. forsendur skýrsluhöfunda að ræða.


Áætluð eldsneytisgjöld vegna ferðabjónustu	Fjöldi lítra	Krónur
Áætluð eldsneytis- og kolefnisgjöld bílaleigubíla	54.000.000	5.329.800.000
Áætluð eldsneytisgjöld hópferðabifreiða sem knúnar eru díselolíu	12.000.000	1.184.400.000
Áætluð eldsneytisgjöld af ferðabjónustu	66.000.000	6.514.200.000

Héimild: Eigin útreikningar og forsendur

Tafla 6 – Áætluð eldsneytis- og vörugjöld vegna ferðabjónustu

Niðurstaða Hagstofunnar var að árið 2018 væri greitt fyrir 54 milljónir lítra af eldsneyti með erlendum greiðslukortum. Mynd 45 sýnir fjölda bílaleigubíla í júlí ár hvert en eins og sést á myndinni eru bílaleigubílar í umferð færri árið 2018 en árið 2023. Því gæti eldsneytisnotkunin verið meiri í ár en tilraunatölfræði Hagstofunnar gefur til kynna vegna ársins 2018. Taka verður þó tillit til þess að fleiri raf- og tvinnbílar eru á götunum nú en árið 2018.

Hvað varðar notkun rútufyrirtækja þá var markaðshlutdeild rútufyrirtækja áætluð út frá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins og kaupum þeirra á eldsneyti.¹⁷ Forsendur eru gefnar um að rútufyrirtæki kaupi um 15 milljónir lítra af eldsneyti á ári hverju og að erlendir ferðamenn séu um 80% viðskiptavina þeirra. Þá má áætla að eldsneytiskaup þessara fyrirtækja vegna ferðamanna séu um 12 milljónir lítra af eldsneyti á ári.



Mynd 45 – Fjöldi bílaleigubíla í og úr umferð í júlí ár hvert

Niðurstöður

Hér hefur verið lagt mat á skattaleg áhrif ferðaþjónustunnar m.v. tölur úr ársreikningum einkennandi greina ferðaþjónustunnar eins og þeir birtast á vef Hagstofu Íslands en þau gögn eru unnin upp úr framtölum fyrirtækja sem er skilað til Skattsins.

Skattalegu áhrifin voru reiknuð út frá jafnri dreifingu launa sem getur haft áhrif á niðurstöðuna. Dreifing launa er mjög mikil innan ferðaþjónustunnar. Allt frá hálaunafólki, eins og flugmanna, til launþega er vinna á lægstu launatöxtum. Taka ber fram að við útreikninga var reynt að horfa til launþega sem eru í fullu starfi innan atvinnugreinarinnar. Fjöldi launþega í greiningu á skattalegum áhrifum er því færri en sá fjöldi sem opinberir aðilar telja fram.¹⁸ Í útreikningunum er gert ráð fyrir að launþegar fullnýti persónuafslátt sinn.

Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar eru þröng skattaleg áhrif ferðaþjónustunnar um 106,5 milljarðar króna.

Ef horft er til víðtækari áhrifa ferðaþjónustu, sem kölluð eru víð skattaleg áhrif hér í skýrslunni, um 180 milljarðar króna. Það er fengið með því að leggja við þrönga skilgreiningu á hugtakinu útskatt virðisaukaskatts í einkennandi greinum ferðaþjónustu.

Að auki má tiltaka ýmis önnur gjöld og álögur sem eru bornar uppi af ferðaþjónustunni. Gjöld sem annars væru ekki innheimt eins og eldsneytisgjöld, tekjur innviðum eins og höfnum og flugvöllum, sértekjur þjóðgarða o.s.frv.

Hlutdeild einkennandi greina ferðaþjónustunnar hefur farið vaxandi í VLF og umfang hennar því mikil. Þegar horft er á virðisikeðju ferðaþjónustunnar er ljóst að hún snertir fleiri þætti íslensks þjóðlífs en einungis einkennandi greinar ferðaþjónustunnar. Einnig er rétt að taka fram að neysla einkennandi greina ferðaþjónustunnar er einnig borin uppi af innlendum aðilum.

Þrátt fyrir að arðsemi greinarinnar hafi batnað á árinu 2023 er hún samt sem áður almennt lægri en í viðskiptahagkerfinu. Án efa munu stjórnendur ferðaþjónustufyrirtækja hafa þetta í huga ásamt því að nýta betur þær miklu fjárfestingar sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum.

Viðauki I

Aðferðafræði

Leitað var gagna í opinberum gagnagrunnum hjá Hagstofu Íslands, Ferðamálastofu, Cruise Iceland, Skattinum, þjónustuaðilum ferðaþjónustunnar o.fl.

Greining á skattalegum áhrifum byggir á skilgreiningu Hagstofu Íslands um einkennandi greinar ferðaþjónustu. Atvinnugreinarnar sem Hagstofa Íslands velur í þann flokk eru flutningar með flugi, rekstur veitinga- og gististaða rekstur ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda sem og farþegaflutningar. Aðrar atvinnugreinar sem eru tengdar ferðaþjónustu eru rekstur leigubíla, aðrir farþegaflutningar á landi, leiga á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum, leiga á tómtunda- og íþróttavörum, millilanda- og strandsiglingar með farþega, farþegaflutningar á skipgengum vatnaleiðum.¹⁹

Ferðaþjónusta er þess eðlis að hún snertir á margskonar starfsemi í hagkerfinu. Hafa ber í huga að Íslendingar eru einnig neytendur af einkennandi greinum ferðaþjónustunnar. Útlendingar eru einnig neytendur af vörum og þjónustu sem ekki eru tilgreindar hér að ofan eins og sést þegar neyslumynstur þeirra er skoðað hér síðar í skýrslunni.

Allir útreikningar og forsendur skattaáhrifa miðast við ofangreinda skilgreiningu á einkennandi greinum ferðaþjónustunnar.

Sögulegt yfirlit

Ferðaþjónusta á sér langa sögu á Íslandi og má ætla að ferðamenn hafi sótt landið heim frá Landnámi. Á sama hátt og Íslendingar sóttu önnur lönd heim. Ótal sögusagnir eru af ferðum Íslendinga til útlanda á miðöldum, en einnig af útlendum mönnum hér á landi. Til dæmis er minnst á Austmenn (Norðmenn) í Íslendingasögum. Ferðabækur útlendinga sem hingað komu hafa verið gefnar út allt frá 16. öld og má nefna þar ljóð sæfarans Gories Peerse sem sigldi hingað til lands frá Hamborg á árabílinu 1554 til 1586.²⁰

Aðferðafræði PwC

Breska ráðgjafarfyrtækid PricewaterhouseCoopers (PwC) hannaði aðferðafræði skattaáhrifa fyrirtækja (e. Total Tax Contribution) sem tekur til hinna 5P á ensku eða:

- Profit taxes – eða tekjuskattar fyrirtækja. Hér er átt við skatta á hagnað fyrirtækja og skattar vegna þriðja aðila (e. withholding taxes).
- People taxes – eða skattar á mannauð. Það er staðgreiðsla sem innifelur útsvar og tekjuskatt ásamt launatengdum gjöldum.
- Product taxes – eða óbeinir skattar. Skattar sem leggjast á framleiðslu eða neyslu á vöru og þjónustu, t.d. virðisaukaskattur, tollar, skattar á tryggingar og gjöld á áfengi og tóbak.
- Property taxes – eða fasteignaskattar. Skattar á viðskipti með fasteignir, t.d. stimpilgjöld og aðrir tengdir skattar en að auki fasteignaskattar. Auðlindaskattar gætu t.d. átt heima innan þessa flokks.
- Planet taxes – loftslagsskattar. Hér er átt við gjöld sem eru lögð á neyslu eða notkun á vöru eða þjónustu sem er talin skaðleg umhverfinu. Hér má nefna bifreiðagjöld, hafnargjöld, lendingargjöld, kolefnisgjöld, skatta á eldsneyti, gjöld og skatta vegna flutninga fólks og farms milli landa eða innanlands.²¹

Skatta- og gjaldaumhverfi ferðapjónustunnar

Horft var til eftirfarandi gjalda, skatta, framlaga og styrkja.

1. Tekjuskattur fyrirtækja.
 - a. Einkahlutafélög eru algengasta rekstrarformið á Íslandi og leggst 20% tekjuskattur á hagnað.
2. Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð.
 - a. Lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð er 15,5% af launum. Mótframlag vinnuveitenda er a.m.k. 11,5%.
3. Tryggingagjald.
 - a. Almenn tryggingagjald er 6,35%. Viðbótartryggingargjald eða viðbótartryggingar geta átt við ákveðnar starfsstéttir. Einnig koma til greiðslur til starfsendurhæfingarsjóðs VIRK sem er 0,10% af heildarlaunum.
4. Nettó tekjuskattur og útsvar starfsfólks
 - a. Vísað er til heimasíðu Skattsins hvað varðar tekjuskatts- og útsvarshlutfall.
5. Gistináttaskattur var tímabundið felldur niður í kjölfar heimsfaraldursins en verður tekinn upp á ný um næstu áramót.
 - a. Skatturinn verður 300 kr. á sólarhring fyrir hvern einstakling sem nýtir sér gistaðstöðu. Í frumvarpinu segir:

- b. Greiða skal gistináttaskatt fyrir gistaðstöðu á gististað sem hefur rekstrarleyfi í flokki II–IV, sbr. 3. gr. laga um veitingastaði,
 - c. gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007,
 - d. tjaldstæði og stæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi,
 - e. skemmtiferðaskipi á meðan það dvelur í höfn hér á landi eða annars staðar á tollsvæði ríkisins, sbr. 2 gr. tollalaga, nr. 88/2005.²²
6. Varafflugvallargjald var innleitt í lög árið 2023 en það felur í sér að 200 kr. gjald verður lagt á alla farþega. Tengifarþegar greiða þó aðeins fyrir annan fluglegginn þegar þeir millilenda.²³
7. Styrkir frá hinu opinbera til ferðaþjónustunnar og annarra tengdra málefna:
- a. Ríkissjóður veitti ferðaþjónustunni alls kyns styrki og úrræði í heimsfaraldrinum en þar má nefna tekjufallsstyrki, viðspyrnustyrki, lokunarstyrki, hlutabætur, o.s.frv. Þeir styrkir sem voru veittir árið 2022 voru viðspyrnu- og veitingastyrkir.
 - b. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitir styrki til uppbyggingar, viðhalds og verndunar ferðamannastaða sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila um land allt. Sjóðurinn fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila.²⁴
 - c. Flugþróunarsjóður hefur það hlutverk að stuðla að nýjum flugleiðum í millilandaflugi til Akureyrar og Egilsstaða. Nánar tiltekið segir á vefsíðu stjórnarráðsins: „Flugþróunarsjóður hefur það að markmiði að styðja við uppbyggingu nýrra flugleiða til Íslands þannig að koma megi á reglulegu millilandaflugi um alþjóðaflugvellina Akureyri og Egilsstaði. Með því er stuðlað að dreifingu ferðamanna um landið í samræmi við Vegvísi í ferðaþjónustu, bættri nýtingu innviða ríkisins, bættum búsetuskilyrðum og lífsgæðum heimamanna og bættum rekstrarskilyrðum atvinnureksturs á Norður- og Austurlandi.“²⁵
 - d. Landsáætlun um innviði styður óbeint við ferðaþjónustuna á sama hátt of flugþróunarsjóður og framkvæmdasjóður ferðamannastaða.²⁶
 - e. Ríkissjóður veitir einnig styrki til orkuskipta hjá bílaleigum. Þeir styrkir eru hluti af almennum aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum og orkuskiptum í samgöngum á landi.

- f. Í fjárlagafrumvarpi er einnig gerð grein fyrir svokölluðum skattastyrkjum sem falla til vegna neðra þreps virðisaukaskatts (VSK). Þar er átt við m.a. niðurfellingu VSK á vistvæna bíla og útleigu og endursölu bílaleigubíla. Þessir styrkir falla niður um áramót.

Almennt séð eru skattaleg áhrif ferðaþjónustunnar í heild, brotin niður á mismunandi skattstofna, sambærilegt við það sem hefur verið gert fyrir sjávarútveginn. Nánar tiltekið er tilgreint hvaða fjármunum skattstofnar ferðaþjónustunnar eru að skila til hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga. Þá er átt við bæði beina og óbeina skatta. Það er, skattaleg áhrif fyrirtækja í ferðaþjónustu sem sýna bæði þá skatta sem gjaldfærðir eru í rekstri félaganna sem og þá skatta sem þau innheimta og standa skil á til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða.

Einnig má tiltaka virðisaukaskatt, útsvar og tekjuskatt starfsfólks, tekjuskatt fyrirtækja, fasteignaskatta, o.fl. Ýmsar sértekjur, t.d. veggjöld, lendingargjöld, hafnargjöld, vörugjöld, eldsneytisgjöld, áfengisgjöld og önnur gjöld sem innheimt eru vegna t.d. aðgangs að náttúruperlum.

Þeir aðilar sem innheimta sértekjur að náttúruperlum geta bæði verið einkaaðilar sem og hið opinbera. Sumir ferðaþjónustuaðilar hafa þegar hafið gjaldheimtu en aðrir hafa annað hvort skoðað slíkt eða fyrirhuga gjaldtöku. Gjaldtakan er fyrst og fremst hugsuð til uppbyggingar og viðhalds á ferðamannastöðum. Aðrir nýta sér að selja ferðamönnum vörur, þjónustu og veitingar en selja ekki sérstakan aðgang eða aðgang að bílastæði. Nefna má:

- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum
- Vatnajökulsþjóðgarður
- Kerið - einkaaðilar
- Reykjanesfólkvangur – Reykjanes Geopark – ekki komið
- Seljalandsfoss – landeigendur og sveitarfélag
- Dettifoss -
- Reykjadalur - einkaaðilar
- Merardalur - einkaaðilar

Gistináttaskattur, innviðagjald á skemmtiferðaskip og afnám tollfrelsis

Cruise Iceland fjallar með ágætum hætti um helstu skattkerfisbreytingar vegna komu skemmtiferðaskipa hingað til lands. Neðangreind umfjöllun er tekin beint af heimasíðu félagsins:

Lög um innviðagjald litu loks dagsins ljós í dag og þar liggur því miður fyrir að starfstjórnin ætlar ekki að taka neitt tillit til varúðarorða Cruise Iceland, CLIA, AECO, hafnarsjóða, sveitarfélaga og fyrirtækja í íslenskri ferðaþjónustu um að óhófleg gjaldtaka sem leggist á þegar seldar ferðir til landsins muni reynast mjög skaðlegar ferðaþjónustunni.

Í umsögnum hagaðila um innviðagjaldið og í fjölmiðlum hefur komið fram að skipafélögin fella sig við gjaldtöku en hafa mótmælt því harðlega að gjald, sem innheimta á af hverjum farþega, sé lagt afturvirkkt á ferðir sem hafa þegar verið seldar. Álagning innviðagjaldsins nú gengur þvert á vinnubrögð stjórnvalda þegar gistináttaskattur var aftur lagður á. Þá var hann einungis lagður á ferðir sem voru seldar eftir gildistöku skattsins.

Hér er samantekt um nýjar reglur sem varða gistináttaskatt og innviðagjald á skemmtiferðaskip:

- Greiða skal kr. 400 í gistináttaskatt fyrir hvern dvalargest sem hefur gistináttaeiningu til afnota um borð í skemmtiferðaskipi í innanlandssiglingum við Ísland fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem farþegi dvelur í skipinu.
- Gistináttaskattur myndar ekki gjaldstofn til virðisaukaskatts.
- Ekki skal greiða gistináttaskatt í eftirfarandi tilvikum:
 - o við sölu á gistináttaeiningu sem ekki ber virðisaukaskatt samkvæmt lögum um virðisaukaskatt.
 - o fyrir gistaðstöðu sem áhöfn og annað starfsfólk í skemmtiferðaskipi í innanlandssiglingu við Ísland hefur til umráða um borð í skipinu
- Greiða skal innviðagjald fyrir hvern farþega um borð í skemmtiferðaskipi í millilandasiglingum á meðan skipið dvelur í höfn hér á landi eða annars staðar á tollsvæði ríkisins, sbr. 2. gr. tollalaga, nr. 88/2005.
- Innviðagjald skal vera 2.500 kr. fyrir hvern farþega fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem skipið dvelur á tollsvæði ríkisins
- Ekki skal greiða innviðagjald í eftirfarandi tilvikum:
 - o ef skemmtiferðaskip í millilandasiglingum leggst að höfn hér á landi og fyrir liggur með sannanlegum hætti að skipið hafi verið í nauðum statt vegna áreksturs, sjóskemmda, veikinda eða ófriðar.

- o fyrir áhöfn og annað starfsfólk um borð í skemmtiferðaskipi í millilandasiglingum
- Skemmtiferðaskip í millilandasiglingum greiða innviðagjald en ekki gistináttagjald.
- Skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum greiða gistináttagjald en ekki innviðagjald.

Tollfrelsi skemmtiferðaskipa hefur verið framlengt um eitt ár, til 1. janúar 2026.²⁷

Gistináttaskattur

Gistináttaskattur var felldur niður tímabundið meðan á COVID-19 heimsfaraldrinum stóð. Hann var aftur tekinn upp þann 1. janúar 2024 og því ekki tekin með í útreikninga á skattalegum áhrifum ársins 2023.

Núverandi gistináttaskattur er eftirfarandi eftir tegund:

- Fyrir hótél, gistiheimili og aðra gististaði sem hafa rekstrarleyfi í flokki II–IV samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald - **800 kr.**
- Fyrir gistiaðstöðu á tjaldstæði og vegna stæða fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi - **400 kr.**
- Fyrir gistiaðstöðu um borð í skemmtiferðaskipi á meðan það dvelur í höfn hér á landi eða annars staðar á tollsvæði ríkisins – **1.000 kr.**

Ágætisumfjöllun er um gistináttaskattinn á heimasíðu Skattsins.

<https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/skattar-og-gjold/gistinattaskattur/>

Viðauki II – Nánar um virðisaukaskatt

Hér er rétt tæpt á undanþeginni VSK veltu innan einkennandi greina ferðaþjónustunnar.

- Vöruflutningar og fólksflutningar milli landa. Sama gildir um vöruflutninga innanlands sem eru hluti af samningi sem farmflytjandi hefur gert um flutning til eða frá útlöndum.
- Þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda að því leyti sem hún varðar fólksflutninga milli landa og vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir utan Íslands
- Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum og þjónusta sem veitt er slíkum förum. Þessi undanþága á hvorki við um fiskiskip, t.d. þegar þau sigla með eigin afla, né skemmtibáta og einkaloftför, heldur aðeins för sem notuð eru í eiginlegri flutningastarfsemi.
- Sala og útleiga loftfara og skipa. Undanþágan nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta og einkaloftfara.
- Nánar má sjá lögum um virðisaukaskatt og á heimasíðu Skattsins.

11% VSK

Vara og þjónusta sem ber 11% virðisaukaskatt. Af eftirtalinni vöru og þjónustu skal innheimta 11% virðisaukaskatt:

- Fólksflutningum sem ekki falla undir almenningssamgöngur.
- Útleigu hótél- og gistiherbergja og annarri gistipjónustu.
- Þjónustu ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga við milligöngu um sölu eða afhendingu á þjónustu sem ber 11% virðisaukaskatt. Nefna má í þessu samhengi að í Evrópusambandinu er virðisaukaskattur að jafnaði um 11%.²⁸
- Sölu á matvælum og öðrum vörum til manneldis sem skilgreindar eru í viðauka við lög um virðisaukaskatt, þ.m.t. sölu á áfengi.
- Aðgangi að vegamannvirkjum, s.s. gjaldtöku vegna aðgangs að Hvalfjarðargöngum.
- Aðgangseyri að baðhúsum, baðstöðum, gufubaðsstofum og heilsulindum sem ekki falla undir undanþágu vegna íþróttastarfsemi.
- Ferðaleiðsögn.

Viðauki III – Ferðapjónusta á EES svæðinu


Eins og komið var að í upphafi er ekki algengt að skattaleg áhrif heillar atvinnugreinar sé greint með sama hætti og hér er gert. Mynd 12 sýnir framlag ferðapjónustu nokkurra landa til VLF alþjóðlega.

Í stað þess að skoða skattaleg áhrif ferðapjónustu víða um heim var ákveðið að horfa til Evrópusambandsins en Eurostat gaf út á þessu ári umfangsmikla skýrslu um efnahagsleg áhrif ferðapjónustu í sambandinu.²⁹

Evrópusambandið hefur tekið saman efnahagslegt framlag ferðapjónustunnar enda er greinin undirstöðuatvinnugrein í mörgum löndum sambandsins. Gagnaöflunin byggir á sameiginlegum skilgreinum á ferðapjónustureikningum (e. tourism satellite accounts – TSA) Alþjóðaferðamálastofnunarinnar (UNWTO), Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (UNSD), OECD og Hagstofu ESB – Eurostat. Mögulegt er að eitthvað misræmi sé í tölum um íslenska ferðapjónustu út frá tölum Hagstofu Íslands og Eurostat.

Samkvæmt rannsókn Hagstofu ESB frá apríl 2023 nam vinnsluvirði ferðapjónustu í ESB löndunum um €572 milljörðum árið 2019 eða fyrir heimsfaraldurinn. Þetta samsvarar um 5% af heildarvinnsluvirði sambandsins.

Mynd 46 sýnir hlutdeild ferðapjónustu af vinnsluvirði (e. value added) í flestum löndum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) á árinu 2019. Eins og sést á myndinni eru einungis Króatía (11,3%) og Portúgal (8,1%) með stærri hlutdeild í vinnsluvirði þjóðarbúsins en Ísland. Spánn (6,9%) og Ítalía (6,2%) fylgja svo fast á eftir.



Heimild: Eurostat


Mynd 46 – Hlutdeild ferðþjónustu af vinnsluvirði hvers hagkerfis fyrir sig (%)

Þegar horft er á heildarframlag ferðþjónustu í evrum þá er vinnsluvirði ferðþjónustu hæst í Þýskalandi eða €124 milljarðar en þá eru ferðalög Þjóðverja innanlands tekin með inn í heildarmyndina. Á Ítalíu var framlagið €100 milljarðar, svo fylgir Frakkland með €87 milljarða og Spánn með €78 milljarða.

Þegar einungis er horft til útgjalda erlendra ferðamanna þá ber Spánn höfuð og herðar yfir önnur Evrópulönd. Samanlögð útgjöld erlendra ferðamanna á Spáni voru áætluð €82,7 milljarðar, Frakkland var með €65,4 milljarða, Ítalía €55,4 milljarða, Þýskaland €46,9 milljarða og Holland €34,7 milljarða. Hlutdeild ofangreindra fimm landa í útgjöldum erlendra ferðamanna nam um tveimur þriðjungum heildarútgjalda erlendra ferðamanna innan ESB.

Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á ferðþjónustuna í ESB eins og hér landi. Rétt er að taka fram að ferðþjónusta í ESB löndunum einskorðast ekki einungis við erlenda ferðamenn heldur á einnig við um ferðalög heimamanna. Árið 2020 féll vinnsluvirðið um €184 milljarða eða um 32% m.v. árið 2019. Flugsamgöngur féllu um 66%.

Ferðþjónusta er í ESB löndunum, eins og hér á landi, mjög mikilvægur þáttur í þjónustujöfnuði.³⁰



Mynd 47 – Hlutdeild erlendra ferðamanna í þjónustujöfnuði (%)

Viðauki IV – Skilgreiningar ÍSAT númera einkennandi greina ferðaðþjónustunnar

Hér fyrir neðan eru skilgreiningar á ÍSAT flokkun Skattsins og Hagstofu Íslands á einkennandi greinum ferðaðþjónustunnar.

ÍSAT nr.	Heiti atvinnugreinar
49.10.0	Farþegaflutningar með járnbrautarlestum milli borga
49.32.0	Rekstur leigubíla
49.39.0	Aðrir farþegaflutningar á landi
50.10.0	Millilanda- og strandsiglingar með farþega
50.30.0	Farþegaflutningar á skipgengum vatnaleiðum
51.10.1	Farþegaflutningar með áætlunarflugi
51.10.2	Farþegaflutningar með leiguflogi
55.10.1	Hótel og gistiheimili með veitingaþjónustu
55.10.2	Hótel og gistiheimili án veitingaþjónustu
55.20.0	Orlofsdvalarstaðir og annars konar gistaðstaða
55.30.0	Tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi
56.10.0	Veitingastaðir
56.30.0	Krár, kaffihús og dansstaðir o.þ.h.
77.11.0	Leiga á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum
77.12.0	Leiga á vörubifreiðum
77.21.0	Leiga á tómsunda- og íþróttavörum
79.11.0	Ferðaskrifstofur
79.12.0	Ferðaskipuleggjendur
79.90.0	Önnur bóknarþjónusta og önnur starfsemi tengd ferðaðþjónustu
52.23.0	Þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi
96.04.0	Nuddstofur, sólbaðsstofur, gufuböð o.þ.h.

Tafla – ÍSAT flokkun einkennandi greina ferðaðþjónustunnar

Á heimasíðu Skattsins er nánar fjallað um ÍSAT flokkunina.

501 Millilanda- og strandsiglingar með farþega:

- Farþegaflutningar með millilanda- og strandsiglingum, einnig áætlunarferðir, s.s. rekstur ferja og rekstur báta til skoðunarferða, skemmtisiglinga eða kynnisferða. Til þessarar greinar telst einnig:
- Leiga á skemmtibátum með áhöfn til millilanda- og strandsiglinga (t.d. til fiskveiðiferða)

5223 Þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi

Til þessarar greinar telst:

- rekstur flugstöðva o.þ.h.
- starfsemi flugvalla og flugumferðarstjórn
- þjónustustarfsemi á flugvöllum o.þ.h.

Til þessarar greinar telst einnig:

- Slökkvistörf og brunavarnaþjónusta á flugvöllum

50.3 *Farþegaflutningar á skipgengum vatnaleiðum*

- 50.30 Farþegaflutningar á skipgengum vatnaleiðum
- 50.30.0 Farþegaflutningar á skipgengum vatnaleiðum

Til þessarar greinar telst:

- Farþegaflutningar á ám, skipaskurðum, vötnum og öðrum skipgengum vatnaleiðum þ.m.t. innan hafna:
- Leiga á skemmtibátum með áhöfn til farþegaflutninga á skipgengum vatnaleiðum

51 *Flutningar með flugi*

- 51.1 Farþegaflutningar með flugi
- 51.10 Farþegaflutningar með flugi
- 51.10.1 Farþegaflutningar með áætlunarflugi

Til þessarar greinar telst:

- Farþegaflutningar með flugi eftir reglubundnum leiðum og tímaáætlun

55 *Rekstur gististaða*

- 55.1 Hótel og gistiheimili
- 55.10 Hótel og gistiheimili
- 55.10.1 Hótel og gistiheimili með veitingaþjónustu
- 55.10.2 Hótel og gistiheimili án veitingaþjónustu
- 55.2 Orlofsdvalarstaðir og annars konar gistiaðstaða
- 55.20 Orlofsdvalarstaðir og annars konar gistiaðstaða
- 55.20.0 Orlofsdvalarstaðir og annars konar gistiaðstaða

- 55.3 Tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi
- 55.30 Tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi
- 55.30.0 Tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi

Til þessarar greinar telst gistiaðstaða á:

- Orlofsdvalarstöðum fyrir börn og öðrum orlofsheimilum
- Gestaíbúðum og smáhýsum
- Bústöðum og kofum án þjónustu
- Farfuglaheimilum og fjallaskálum
- Rekstur tjaldsvæða, hjólhýsasvæða, tómstundabúða og búða til skot- og fiskveiða fyrir gesti sem dvelja í stuttan tíma
- Rekstur svæða með aðstöðu fyrir húsbíla, hjól- og fellihýsi gistiþjónusta, einkum fyrir gesti sem dvelja í stuttan tíma, í fullbúnu rými þar sem eru setustofur, borðstofur og svefnherbergi og fullbúin eldhús eða gistiaðstaða með húsgögnum og eldunaraðstöðu. Viðbótarþjónusta sem er veitt er í lágmarki eða engin.

56 Veitingasala og -þjónusta

56.1 Veitingastaðir

56.10 Veitingastaðir

56.10.0 Veitingastaðir

Til þessarar greinar telst sala á mat til viðskiptavina, hvort sem þjónað er til borðs eða um sjálfsgreiðslu á mat er að ræða, á máltíð sem neytt er á staðnum, tekin með eða send heim.

Til þessarar greinar teljast:

- Veitingastaðir
- Kaffistofur
- Skyndibitastaðir
- Staðir sem selja mat til að taka með sér
- Ísbílar
- Pylsuvagnar og aðrir færanlegir veitingavagnar
- Tilreiðsla matar í markaðsbásum

Til þessarar greinar telst einnig:

- Starfsemi veitingastaða og kráa sem tengist flutningum, ef hún fer fram innan aðskilda eininga, s.s. um borð í ferjum

56.3 Krár, kaffihús og dansstaðir o.þ.h.

56.30 Krár, kaffihús og dansstaðir o.þ.h.

56.30.0 Krár, kaffihús og dansstaðir o.þ.h.

Til þessarar greinar telst tilreiðsla og framleiðsla drykkja til neyslu á staðnum.

Til þessarar greinar telst einnig:

- Safabarir
- Færanleg drykkjasala

77 Leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga

77.2 Leiga á munum til einka- og heimilisnota

77.21 Leiga á tómsunda- og íþróttavörum

77.21.0 Leiga á tómsunda- og íþróttavörum

Til þessarar greinar telst leiga á búnaði til tómsunda- og íþróttaiðkunar

- Skemmtibátar, kanóar, seglbátar

- Skíði, reiðhjól og annar íþróttabúnaður

79: Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bóknarþjónusta

79.11.0 Ferðaskrifstofur

Til þessarar greinar telst:

starfsemi sem einkum felst í því að bjóða fram og selja alferðir, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar, innan lands eða erlendis. Ferðaskrifstofur geta jafnframt haft með höndum alla þá þjónustu sem ferðaskipuleggjendur veita, hvort sem hún er í formi alferða eða ekki.

79.12.0 Ferðaskipuleggjendur

Aðilar sem, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavina, setja saman, bjóða fram og selja eftirfarandi þjónustu:

- Skipulagningu og sölu ferða til hópa og einstaklinga og skipulagningu á ferðum, dvöl, afþreyingu og frístundaiðju, innan lands og erlendis
- Hvers konar umboðs- og endursölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum
- Afþreyingu, svo sem hestaferðir, vélsleðaferðir, fljótasiglingar og ævintýraferðir með sérútbúnum ökutækjum
- Ferðir og veitingar sem hluta af veittri þjónustu

79.90.0 Önnur bóknarþjónusta og önnur starfsemi tengd ferðþjónustu

Til þessarar greinar telst:

- Önnur bóknarþjónusta í ferðþjónustu, s.s. bókun á ferðum, gistingu, veitingastöðum og bílaleigubílum
- Miðasala fyrir leikhús, íþróttir og aðrar skemmtanir og afþreyingu
- Aðstoð við ferðamenn, ss. upplýsingaþjónusta, starfsemi leiðsögumanna og fararstjóra, ferðakynningar

771 - 77.11.0 Leiga á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum

Til þessarar greinar telst:

- Leiga og rekstrarleiga á fólksbifreiðum og öðrum léttum vélknúnum ökutækjum (undir 3,5 tonn)

77.12.0 Leiga á vörubifreiðum

Til þessarar greinar telst:

- Leiga og rekstrarleiga á vörubifreiðum, tengivögnum og öðrum þungum vélknúnum ökutækjum (yfir 3,5 tonn)
- Leiga á húsbílum

96 Önnur þjónustustarfsemi

96.0 Önnur þjónustustarfsemi

96.04 Nuddstofur, sólbaðsstofur, gufuböð o.þ.h.

96.04.0 Nuddstofur, sólbaðsstofur, gufuböð o.þ.h.

Til þessarar greinar telst:

- Starfsemi nuddstofa, sólbaðsstofa, gufu- og eimbaða, stofa sem bjóða upp á grenningarmeðferðir, o.þ.h

Viðauki V – Heimildir og neðanmálsgreinar

Allar heimildir voru rýndar og skoðaðar á tímabilinu desember 2024 til febrúar 2025.

¹ Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins 2024

<https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stjornarsattmali/>

² „230-260 skip á ári til 2030.“ *Morgunblaðið*, 4. febrúar 2025.

³ <https://www.unwto.org/news/global-tourism-set-for-full-recovery-by-end-of-the-year-with-spending-growing-faster-than-arrivals>

⁴ https://cruising.org/-/media/clia-media/research/2024/2024-state-of-the-cruise-industry-report_updated-050824_web.ashx

⁵ <https://www.visir.is/g/2019263040d/greiddi-naerri-thrja-milljarda-fyrir-bokun>

⁶ <https://www.imf.org/en/Blogs/Articles/2021/11/09/the-unequal-covid-saving-and-wealth-surge>

⁷ Tekjur af erlendum ferðamönnum hérlendis og erlendis er samlagning á þjónustuflokki 2: Ferðaþjónusta og þjónustuflokki 1.2.1: Farþegaflutningar með flugi, þ.e. tekjur af erlendum ferðamönnum á Íslandi og tekjur íslenskra flugfélaga af því að flytja erlenda farþegar hvort sem það er til og frá Íslandi eða annarsstaðar.

⁸ https://www.numbeo.com/cost-of-living/rankings_by_country.jsp?displayColumn=4

⁹ Raungengi krónunnar er skilgreint sem hlutfall verðlags og framleiðslukostnaðar á Íslandi og annars staðar í heiminum, mælt í sömu mynt.

¹⁰ Viðskiptahagkerfið er skilgreint sem öll atvinnustarfsemi, að undanskilinni lyfjaframleiðslu, sorphirðu, fjármála- og váttryggingastarfsemi (ÍSAT nr. 03-20, 22-37, 39-63, 68-82, 95-96)

¹¹ Hér má nefna Icelandair, Bláa lónið og ISAVIA.

¹² <https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/virdisaukaskattur/ferdathjonusta/>

¹³ <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Efnahagsmal-og-opinber-fjarmal/Fjarlagafrumvarp-fyrir-2025/Fj%20a1rlagafrumvarp%202025.pdf> <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/S%20a9rrit%20fj%20a1rm%20a1lar%20a1%20b0s%20001%202024%20Skattastyrkir.pdf>

¹⁴ <https://www.saf.is/wp-content/uploads/2024/05/Ahrif-haekkana-a-VSK-hlutfalli-a-ferdathjonustu-mai-2024.pdf>

¹⁵ <https://www.europarl.europa.eu/cmsdata/130660/The%20Impact%20of%20Taxes%20on%20the%20Competitiveness%20of%20European%20tourism.pdf>

¹⁶ Leitað var upplýsinga frá Haldi bílaleigu.

¹⁷ https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2019/44-2019.pdf?fbclid=IwAR2z10XqeMgowEnjxJUki7w7_BCVzTC_u0bCIytwPctDHo17iF4r5DTB2FU

¹⁸ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/ferdamalastefna/>

¹⁹ Nánar tiltekið er atvinnugreinaflokkun einkennandi greina ferðaþjónustu flokkaðar skv. (ÍSAT nr. 491, 4932, 4939, 501, 503, 511, 551-553, 561, 563, 771, 7721, 79, 5223, 9604): Farþegaflutningar með flugi (ÍSAT nr. 511). Rekstur gististaða (ÍSAT nr. 55). Veitingasala og -þjónusta (ÍSAT nr. 56). Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og bókunarþjónusta (ÍSAT nr. 79). Aðrar atvinnugreinar

tengdar ferðaþjónustu (ÍSAT nr. 4932, 4939, 771, 7721). ÍSAT nr. 4932: Rekstur leigubíla. ÍSAT nr. 4939: Aðrir farþegaflutningar á landi. ÍSAT nr. 771: Leiga á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum. ÍSAT nr. 7721: Leiga á tómsunda- og íþróttavörum. (ÍSAT nr. 491: Farþegaflutningar með járnbrautarlestum milli borga). ÍSAT nr. 501: Millilanda- og strandsiglingar með farþega). ÍSAT nr. 503: Farþegaflutningar á skipgengum vatnaleiðum.

²⁰ <http://www.facultysite.sinanewt.on-rev.com/yslandt.pdf>

²¹ Umfjöllunin hér að ofan er byggð á: The Total Tax Contribution Framework – Over a decade of development. PwC, 2016.

²² <https://www.althingi.is/alttext/pdf/154/s/0509.pdf>

²³ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/06/14/Varaflugvallagjald-til-uppbyggingar-a-innanlandsflugvollum-ordid-ad-logum/>

²⁴ <https://www.ferdamalastofa.is/is/studningur/framkvaemdastodur-ferdamannastada/upplýsingasida-um-umsoknir#hvað-er-styrkhaeft>

²⁵ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/sjodir-og-styrkir/>

²⁶ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-naturuvernd/naturuvernd/ferdamenn-og-nattura/landsaaetlun-um-innvidi->

²⁷ Heimasíða Cruise Iceland: <https://www.cruiseiceland.com/latest-developments-regarding-tax-environment/>

²⁸ https://single-market-economy.ec.europa.eu/sectors/tourism/eu-funding-and-businesses/business-portal/financing-your-business/tourism-related-taxes-across-eu_en?fbclid=IwAR2_mHE9SuHnwTGJ2kL-IEg3c1hXUHcy0-MYT3EonsRR7W7g4RuTvXOFACs#directtaxes

²⁹ <https://ec.europa.eu/eurostat/documents/7870049/16527548/KS-FT-22-011-EN-N.pdf/c0fa9583-b1c9-959a-9961-94ae9920e164?version=4.0&t=1683792112888>

³⁰ e. Share of inbound tourism expenditure in relation to total international trade in services